



Það er ekki nauðsynlegt en það er æskilegt

Viðhorf foreldra til heimanáms á yngsta stigi grunnskóla

Sólveig Helga Hákonardóttir

Júní 2016

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Það er ekki nauðsynlegt en það er æskilegt

Viðhorf foreldra til heimanáms á yngsta stigi grunnskóla

Sólveig Helga Hákonardóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Jóhanna Karlsdóttir

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016

Það er ekki nauðsynlegt en það er æskilegt - Viðhorf foreldra til heimanáms á yngsta stigi grunnskóla

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði við kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2016, Sólveig Helga Hákonardóttir

Lokaverkefni má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2016

Formáli

Þetta verkefni er 30 eininga lokaverkefni til fullnustu M.Ed.-prófs í kennslu ungra barna í grunnskóla við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Kannað var hver viðhorf foreldra eru til heimanáms á yngsta stigi grunnskóla. Tvær ástæður eru fyrir því að undirrituð vildi kanna þetta viðfangsefni. Annars vegar vildi undirrituð kanna viðhorf foreldra eftir að hafa unnið á frístundaheimili eftir skóla með börnum í 1. til 4. bekk. Þar fór undirrituð fyrst að velta fyrir sér hvenær börn fá tíma til að vera með fjölskyldunni þegar þau eru í skóla hálfan daginn, svo á frístundaheimili. Þar á eftir þurfa börnin að sinna heimanámi og mörg hver eru einnig í tómskundastarfi. Hins vegar hafði undirrituð hug á að rannsaka viðhorf foreldra til heimanáms eftir að hafa heyrt marga foreldra tala um hversu mikið er lagt á börnin þeirra, meðal annars vegna heimanáms. Það sem kveikti enn fremur áhuga undirritaðrar á þessu viðfangsefni er fjöldi greina og viðtala í fjölmiðlum þar sem foreldrar skólubarna fjalla um heimanám og tímaskort barna.

Leiðbeinandi undirritaðrar við þetta verkefni var Jóhanna Karlsdóttir, lektor, og kann undirrituð henni miklar þakkir fyrir góðar og gagnlegar ábendingar. Sérfræðingur við vinnslu verkefnisins var Kristín Jónsdóttir, lektor, og fær hún einnig bestu þakkir fyrir sitt framlag.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands*. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendi í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 1. júní 2016

Sólveig Helga Hákonardóttir

Ágrip

Tilgangur þessa verkefnis er að kanna viðhorf foreldra gagnvart heimanámi sem lagt er fyrir börn þeirra í grunnskóla. Rannsóknin var eigindleg og notast var við hálfopin einstaklingsviðtöl. Stuðst var við viðtalsramma sem byggður er á fræðum og fyrri rannsóknum. Þátttakendur voru 11 talsins, átta mæður og þrír feður. Við úrvinnslu gagna var notast við þemagreiningu. Helstu niðurstöður benda til að flestum foreldrum sem þátt tóku í rannsókninni þykir heimanám á yngsta stigi grunnskóla vera æskilegt. Dæmi eru um að foreldrum þyki heimanám barna sinna styrkja þau námslega og um leið kenna þeim sjálfsaga og tímastjórnun. Einnig styrki það grunnatriði í námi á borð við lestur, skrift og stærðfræði. Einnig þótti þeim heimanám gott tækifæri fyrir foreldra til að fylgjast með hvað börnin eru að gera í skólanum og var það mat sumra að það væri í raun tilgangur heimanáms. Að mati sumra viðmælenda ætti heimanámið að vera meira einstaklingsmiðað, verkefni ættu að taka stuttan tíma og vera uppbyggjandi og skemmtileg þannig til að kveikja frekari áhuga nemenda. Ekki voru allir þó sammála þessu. Fáeinir töldu heimanám óæskilegt þar sem það geti mismunað börnum í ljósi þess að ekki öll börn fá sömu aðstoð heima fyrir. Að rannsókn lokinni þá vonast höfundur til að hafa fengið góða hugmynd, bæði fyrir sig og aðra kennara, um hvernig hægt er að haga heimanámi fyrir framtíðarnemendur þeirra. Kennarar þurfa að koma til móts við sem flesta, bæði nemendur og foreldra þeirra til að nemendur upplifi heimanámið ekki sem kvöð.

Abstract

It's not necessary but it's preferred - Parent's Perspectives on Homework at the Primary Level

The purpose of this study was to explore parent's perspective on their elementary school children's homework. The study was based on qualitative research where semi-structured interviewing was used during the individual interviews. An interview frame was used during the interviews which was made based on previous studies. The participants were 11 total, eight mothers and three fathers. Themes were identified during data analysis. The main results suggest that most parents felt that homework at the primary school level was preferred. Parents felt that the homework strengthened their children academically by teaching them self-discipline and time management, furthermore strengthening the basics in learning such as reading, writing and mathematics. Homework is also an opportunity for parents to get an insight into what their children are learning in school, which some parents considered to be the purpose of homework. According to parents there should not be too much homework, it should take a short time and be constructive and enjoyable, and ignite the interest of the students. Not everyone agreed with this however, there were a few that believed homework to be undesirable because it can discriminate children who don't get the assistance they need at home. The author hopes that by the end of this study he, as well as other teachers, will have an idea on how to better arrange homework for their future students. Teachers must accommodate both students and their parents in the hopes of student's not experiencing homework as a negative easement.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	4
Abstract	5
Efnisyfirlit	6
1 Inngangur	8
2 Heimanám og tilgangur þess	11
2.1 Grunnskólinn og heimanám	13
2.1.1 Aðstoð við heimanám utan heimilisins.....	16
2.1.2 Kennarar og heimanám	18
2.1.3 Áhrif heimanáms á nemendur.....	20
2.2 Foreldrar og heimanám	22
3 Aðferð og framkvæmd	26
3.1 Undirbúningur viðtala.....	26
3.2 Framkvæmd.....	26
3.3 Þátttakendur.....	27
3.4 Greining gagna.....	30
3.5 Siðfræðileg atriði	30
3.6 Réttmæti og áreiðanleiki í eigindlegum rannsóknum	31
4 Niðurstöður	33
4.1 Skilgreining heimanáms og tilgangur þess.....	33
4.2 Núverandi staða heimanáms.....	38
4.2.1 Heimanám barna í grunnskóla A og B	38
4.2.2 Heimanámsaðstaða, tími og aðstoð frá foreldrum	41
4.2.3 Skilningur foreldra á viðhorfi barna til heimanáms	44
4.2.4 Heimanámsaðstoð í boði skólans	47
4.3 Óskastaða heimanáms.....	49
4.4 Mikilvægi heimanáms.....	53
5 Umræða	55
5.1 Skilgreining og tilgangur heimanáms.....	55
5.2 Hvar ættu börn að vinna heimanámið?.....	57
5.3 Fyrir hvern er heimanámið?	59

5.4 Tilhögun heimanáms að álit foreldra.....	61
6 Lokaorð	63
Heimildaskrá	65
Viðauki A: Viðtalsrammi	69
Viðauki Á: Bréf til foreldra um rannsóknina	71
Viðauki B: Samþykki frá foreldrum um þátttöku	72
Viðauki D: Tilkynning frá Persónuvernd	73

1 Inngangur

Heimanám í grunnskólum er sífellt til umfjöllunar. Margir hafa skilgreint hvað felst í hugtakinu og tilgang þess, meðal annars út frá viðhorfum kennara, foreldra og nemenda. Nokkrir hafa tekið það einu skrefi lengra og gagnrýnt heimanám á yngsta stig grunnskóla. Margir skilgreina heimanám sem það verkefni sem kennarar hafa sett nemendum fyrir til að vinna utan skólatíma eða sem undirbúningur fyrir próf. Nemendur hafa svo ákveðinn tímaramma til að ljúka þessum verkefnum. Verkefnin eru annaðhvort í formi *skriflegra verkefna* (e. *written assignment*) eða *undirbúningsverkefna* (e. *studying*), til dæmis að lesa, rannsaka og ígrunda. Þessi tvenns konar verkefni falla undir það sem nefnist hefðbundið heimanám. Óhefðbundið heimanám er meira tengt skapandi verkefnum þar sem nemendur fá tækifæri til að vinna annað en hefðbundið bóklegt nám (Cooper, 2007; Deslandes, 2009; Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014, bls. 120 og 142).

Heimanám hefur lengi verið hluti af námi íslenskra grunnskólabarna. Eins og fram kemur í lögum um grunnskóla 91/2008 þá er það ekki sett fram sem skylda. Því er ekki talin ástæða að stýra starfsháttum skóla með því að setja ákveðin viðmið um hvernig heimanámi eigi að vera háttað. Ráðandi viðhorf hefur frekar verið á þá leið að leyfa skólayfirvöldum að ráða hvort og hvernig þau nýta sér það (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, e.d.-c).

Það er á ábyrgð hvers skóla fyrir sig að útfæra heimanámsviðmið í skólanámskrá hvers skóla. Nemendahópurinn skiptir þar miklu máli ásamt því hverjir kennsluhættir skólans eru. Hver skóli skal útbúa sína eigin stefnu í sambandi við útfærslu heimanáms því sú stefna sem hver skóli setur, jafnt og gildi skólans, gera hvern skóla á Íslandi einstakan. Með þessu frelsi skapast frekara sjálfstæði innan veggja skólanna en menntamálayfirvöld skipta sér lítið af stefnu þeirra í þessu sambandi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, e.d.-c).

Heimanám hefur lengi verið til staðar í skólakerfum um allan heim. Glasman (2009) talar um heimanám í Frakklandi til dæmis og hvernig það hefur breyst. Frá árinu 1956 var nemendum á yngsta stigi grunnskóla einungis settur fyrir heimalestur og stuttar undirbúningsæfingar. Frá 2006 hefur það hins vegar verið á þann veg að nemendur vinna mun meira heimanám og þá í auknum mæli skrifleg verkefni (Glasman, 2009, bls. 40). Hvernig nemendur fara að því að framkvæma þessi verkefni er mjög misjafnt en það geta þeir ýmist gert upp á eigin spýtur eða fengið aðstoð frá foreldrum eða vinum (Kryger og Ravn, 2009, bls. 12).

Ekki eru allir á sama máli um mikilvægi heimanáms. Niðurstöður rannsókna sýna að sumir eru sannfærðir um að það sé tilgangslaust og jafnvel óæskilegt en aðrir telja það mikilvægt í hvaða formi sem er (Kralovec og Buell, 2000, bls. 9). Harris Cooper (1989) er einn af þeim fyrstu sem hóf að skoða heimanám og áhrif þess og eru rannsóknir hans mjög mikilvægar þegar kemur að því að skoða hvort heimanám geti bætt námsárangur nemenda. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar þar sem áhrif heimanáms á nemendur hafa verið til athugunar. Niðurstöður margra þeirra leiða í ljós að það hefur jákvæð áhrif á nemendur í menntaskóla en lítil sem engin áhrif á yngsta stigi grunnskóla. Einnig hafa niðurstöður þó sýnt að það eru engin tengsl á milli heimanáms og námsárangurs barna á yngsta stigi grunnskóla. Niðurstöður sýndu þó að heimanám getur haft jákvæð áhrif á margt annað, svo sem stuðlað að góðum námsvenjum (Cooper, 1989; Cooper, Robinson, og Patall, 2006; Cooper og Valentine, 2001).

Velgengni nemenda í heimanámi virðist ráðast að einhverju leyti af heimilis- aðstæðum (Cooper, 1989, bls. 87; Cooper og Valentine, 2001 bls. 146; Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014, bls. 143). Afstaða foreldra virðist vera svipuð héraendis og í ýmsum nágrannaríkjum okkar þar sem foreldrar virðast vera að mestu leyti hlyntir heimanámi. Þá fá þeir meðal annars tækifæri til að fylgjast með framgöngu barna sinna í námi. Samkvæmt erlendum rannsóknum telja flestir foreldrar og kennarar það skipta máli fyrir nemendur og skólagöngu þeirra að hafa heimanám (Cooper, Lindsay, Nye, og Greathouse, 1998, bls. 70; Deslandes, 2009; Symeou, 2009, bls. 87; Van Voorhis, 2004, bls. 206). Þrátt fyrir að heimanám sé talið vera nauðsynlegt velta fræðimenn, kennarar og foreldrar vöngum yfir því hvort það stuðli í raun að velgengni barna í námi (Cooper, 1989; Vatterott, 2009).

Tilgangur þessa verkefnis er að fá betri innsýn í skoðanir foreldra á þessu málefni ásamt því að komast að því hver viðhorf þeirra eru gagnvart heimanámi sem sett er fyrir í grunnskólum þeirra barna. Að rannsókn lokinni vonast höfundur til að öðlast betri innsýn í hvernig hægt sé að haga heimanámi með framtíðarnemendur í huga, til að koma til móts við þarfir sem flestra nemenda og foreldra þeirra, þannig að nemendur upplifi heimanám ekki sem kvöð. Rannsóknarspurningin er þessi: Hver eru viðhorf foreldra til heimanáms á yngsta stigi grunnskóla? Helstu undirspurningar eru: Hvern telja þeir tilgang heimanáms vera á yngsta stigi grunnskóla? Hvernig er heimanámi háttað á heimilum þeirra? Hvert finnst þeim mikilvægi heimanáms á yngsta stigi vera? Hvað telja þeir að hægt væri að gera til að betrubæta heimanámið?

Bókin *International perspectives on student outcomes and homework: Family-school-community partnership* var notuð til grundvallar í fræðilega kafla verkefnisins. Eftir að

hafa lesið hana fannst höfundu áhugavert að skoða nánar heimanám og skólakerfi frá mismunandi löndum og bera það saman við það íslenska. Til að byrja með er fjallað um heimanám og tilgang þess í 2. kafla. Þar er nánari umfjöllun um grunnskóla og hvernig heimanámi er háttað innan þeirra. Undir þeim kafla er fjallað um þá aðstoð sem nemendum stendur til boða innan skólans, kennara og heimanám og hvaða áhrif heimanám hefur á nemendur. Í lok kaflans er svo fjallað um foreldra og heimanám en megináhersla er lögð á þann þátt í rannsókninni. Í 3. kafla er fjallað um þátttakendur, greiningu gagna, siðfræðileg atriði og réttmæti og áreiðanleika gagna í eiginlegum rannsóknum. Þar á eftir er fjallað um niðurstöður og skiptist sá þáttur í eftirfarandi kafla út frá meginþemum rannsóknarinnar: Skilgreining heimanáms og tilgangur þess, núverandi staða heimanáms, óskastaða heimanáms og mikilvægi heimanáms. Í kjölfar niðurstaðna kemur kafla með umræðum þar sem helstu niðurstöður eru ræddar í fræðilegu samhengi. Að lokum eru lokaorð, heimildaskrá og viðaukar.

2 Heimanám og tilgangur þess

Heimanám er skilgreint sem það verkefni sem kennarar hafa sett nemendum fyrir til að vinna utan skólatíma. Nemendur hafa svo ákveðinn tímaramma til að ljúka þessum verkefnum (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014, bls. 120). Undirbúningur fyrir próf hefur einnig verið skilgreint sem heimanám. Hvernig sem heimanámi er háttað er gert ráð fyrir að það sé framkvæmt að skóladegi liðnum (Cooper, 2007, bls. 4; Symeou, 2009, bls. 76). Heimanám getur verið skilgreint sem hefðbundið eða óhefðbundið. Ef það er hefðbundið er átt við þjálfunaræfingar og þulunám en markmið þeirra æfinga er að kanna hvort nemendur hafi náð því sem kennt var og fest það í minni. Í kennslustundum í skólanum eru nemendur að þjálfra ýmsa færni á ákveðnum sviðum, sem og að vinna verkefni í vinnubókum eða sem byggð eru á þeim og eiga þeir eiga síðan að æfa sig frekar í þeim heima (Nelsen, Duffy, Escobar, Ortolano og Owen-Sohocki, 1996, bls. 199 – 200; Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 70). Óhefðbundið heimanám eru verkefni þar sem nemendur eru ekki endilega að vinna í vinnubók heldur er oft meiri áhersla lögð á skapandi hugsun þar sem farið er út fyrir hinn hefðbundna ramma. Dæmi um slík verkefni geta verið viðtöl heima fyrir, að útbúa spurningar fyrir spurningakeppni, gera tilraunir eða að undirbúa verkefni með foreldrum sínum sem þeir kynna svo í skólanum (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014, bls. 142).

Hvert sem fyrirkomulag heimanáms er hefur það lítið verið rannsakað hérlendis en þó hafa nokkrar kannanir verið gerðar um viðhorf kennara, foreldra og nemenda til þess. Það hefur hins vegar töluvert verið rannsakað erlendis og í ljós hefur komið að flestir líta á það sem nauðsyn í skólastarfinu og nokkrar rannsóknir sýna jákvæð tengsl á milli þess og námsárangurs (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014, bls. 120; Cooper, Robinson og Patall, 2006, bls. 1). Þrátt fyrir að rannsóknir sýni fram á þessar jákvæðu hliðar þess þá hefur lengi verið deilt um hvort í raun sé þörf fyrir það og þá sérstaklega á yngsta stigi grunnskóla (1. – 4. bekk) (Brock, Lapp, Flood, Fisher og Han, 2007, bls. 353; Cooper, 1989, bls. 91; Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014, bls. 126).

Samkvæmt Cooper og Valentine (2001) þjónar heimanám mismunandi tilgangi á milli árganga. Á yngsta stigi grunnskóla er það ekki eins fræðilegt og er í raun meira til að þróa grundvallarfærni, til dæmis í lestri og stærðfræði sem og góðar námsvenjur. Á framhaldsskólastigi er það hins vegar meira fræðilegt (bls. 147 – 149). Cooper (1989) hefur skoðað og rýnt í tæplega 120 rannsóknir tengdar heimanámi og áhrif þess á námsárangur barna. Hann skoðaði bæði nemendur sem fengu heimanám og nemendur sem fengu ekki heimanám. Af samtals 20 rannsóknum sem gerðar voru á árunum 1962 –

1986 sýndu niðurstöður 14 þeirra að heimanám ætti að vera til staðar en hinar sex að það ætti ekki að leggja áherslu á það. Þessar rannsóknir leiddu í ljós að aldur nemenda skipti máli í tengslum við það hvort heimanám skilaði betri námsárangri eða ekki. Nemendur á menntaskólastigi voru þeir sem græddu mest á að hafa heimanám. Þeir stóðu sig mun betur á stöðluðum prófum heldur en þeir sem fengu ekkert heimanám. Efri deildir grunnskóla skiluðu líka betri árangri á prófum ef þeir fengu heimanám, en munurinn var ekki mikill þegar borið var saman við þá sem höfðu ekkert heimanám. Þegar litið var á yngsta stig grunnskóla þá voru engin tengsl á milli heimanáms og námsárangurs nemenda (Cooper, 1989, bls. 88; Cooper, Robinson og Patall, 2006, bls. 4).

Tvær ástæður eru taldar liggja að baki því að nemendum er sett fyrir heimanám. Annars vegar að *kennslufræði* (e. *pedagogical*) hafi þar áhrif og hins vegar *félagslegir þættir* (e. *social*). Það eru góð rök með heimanámi tengd kennslufræði en þau fela í sér að ekki er hægt að kenna allt í skólanum og því er mikilvægt fyrir nemendur að æfa sig heima til að fá dýpri skilning á ákveðnu efni. Endurteknar æfingar eru ekki alltaf áhugaverðar en þær virðast vera mikilvægar. Þá eru það félagslegu ástæðurnar fyrir heimanámi, en foreldrar telja það vera eðlilegan þátt í skólagöngu barna sinna að kennari sendi verkefni með þeim heim. Foreldrar vita að heimanám getur skapað leiðinlegar stundir á heimilinu og kvarta oft undan því en á sama tíma ætlast þeir samt til þess að kennarinn setji verkefni fyrir (Glasman, 2009, bls. 41). Glasman (2009) telur að hægt væri að öðlast þá þekkingu í skólanum sem nemendur afla með heimanámi. Það er að segja að hún gæti í rauninni farið fram í kennslustofunni undir leiðsögn kennarans (bls. 45) sem gæti leitt til þess að foreldrar upplifi ekki þessar leiðinlegu stundir sem geta skapast.

Heimanám í Danmörku er ekki frábrugðið því sem er hér á landi. Þar er heimanám hluti af hefð og er helsta ástæða þess að þar er álitid að það muni bæta námsárangur barnanna og að þau muni um leið læra góð vinnubrögð (Kryger og Ravn, 2009, bls. 19; Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014, bls. 120). Ekki eru allir sammála þessu. Til dæmis segir skólustjóri í Glamsbjerg Fri Efterskole grunnskólanum í Danmörku „að heimanám sé uppfinning fullorðinna, sem henti ekki í heimi barna“ (Kryger og Ravn, 2009, bls. 19). Öðrum finnst að börn ættu frekar að læra í gegnum leiki og telja að sjálfstraust og sjálfsvirðing þeirra myndi aukast við það (Kryger og Ravn, 2009, bls. 20).

Heimanám er á ábyrgð kennara, nemenda og foreldra. Kennarar setja fyrir heimanám í þeirri trú að það muni hjálpa nemendum enn frekar að ná tökum á grunnþáttum menntunar og þannig komast lengra í námi. Það er hins vegar ákveðin þversögn fólgin í því að þeir nemendur sem mest þurfa á heimanámi að halda eru þeir nemendur sem líklegastir eru til að sinna því ekki. Kennarar virðast einnig hræddir um að ef þeir setja

nemendum sínum ekki fyrir heimanám sé litið á þá sem lélega kennara (Vatterott, 2009, bls. 1 – 2). Kennarar ætlast til að nemendur beri ábyrgð á heimanámi sínu og vinni það eins vel og þeir geti. Foreldrar eiga að sjá til þess að tekinn sé frá staður og stund til að sinna því og að það sé tekið fram yfir aðrar athafnir eins og tómsundur. Foreldrar bera ábyrgð á að börnin vinni heimanámið og er ætlast til að þeir aðstoði þau við það (Kryger og Ravn, 2009, bls. 21; Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 71). Þrátt fyrir að heimanám sé talið vera nauðsynlegt eru sífellt fleiri fræðimenn, kennarar og foreldrar farnir að setja spurningamerki við þessa hefð sem sagt er að stuðli að betri námsárangri barna (Vatterott, 2009, bls. 1 – 2).

2.1 Grunnskólinn og heimanám

Öll börn á Íslandi eru skólaskyld og hefja flest skólagöngu á því ári sem þau verða sex ára. Að meðaltali eru börn á yngsta stigi í 20 klukkustundir í skólanum í hverri viku. Skólinn byrjar almennt á milli kl. 8 og 9 á morgnana og lýkur ekki fyrr en á milli kl. 14 og 16 síðdegis. Börnum á yngsta stigi grunnskóla stendur til boða að taka þátt í frístundastarfi skólans eftir að skóladegi lýkur. Margir nýta sér frístundaheimilin þar sem börn fara meðal annars í íþróttir og tómsundur á meðan þau dvelja þar (Reykjavík, e.d.-b; Ríkisúttvarpið, 2014).

Grunnskólar á Íslandi eru ekki með ákveðna reglu um hver hámarksfjöldi barna megi vera í hverjum bekk fyrir sig. Með þessu getur hver skóli skipulagt nám barna í samræmi við þarfir og aðstæður í hverju sveitarfélagi fyrir sig (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, e.d.-b). Kryger og Ravn (2009) hafa gert greinargóða lýsingu á grunnskólum og bekkjarstarfsemi í Danmörku en hún er ekki frábrugðin þeirri íslensku (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2014, bls. 61). Þau skilgreina grunnskólana sem stofnun sem samanstendur af níu árgöngum frá 7 ára aldri til 16 ára. Í hverjum árgangi eru bekkir og hefur hver bekkur kennara sem hefur umsjón með 16 til 26 nemendum og sér hann um allt sem viðkemur bekknum. Bekkjarkennarinn sér um samskipti á milli heimilis og skóla sem tengist nemendum innan bekkjarins. Kennslustundirnar eiga sér flestar stað inni í sömu kennslustofunni, en hún er eins konar heimili nemenda og eru veggir meðal annars gjarnan prýddir verkefnum eftir nemendur (Kryger og Ravn, 2009, bls. 8 – 9).

Yngsta stigið í grunnskólum í Frakklandi hefur lengri viðveru í skólanum heldur en nemendur á Íslandi. Þar eru nemendur í skólanum 26 klukkustundir á viku þar sem þau stunda nám bæði fyrir og eftir hádegi. Nemendur eru meira og minna innan skólastofunnar allan daginn eða frá kl. 8 til 17 með um það bil níutíu mínútna hádegishléi. Eftir skóla tekur svo heimanámið við (Glasman, 2009, bls. 39). Ef skóladagurinn í Finnlandi

er skoðaður kemur í ljós að hann er mun styttri bæði í Frakklandi og á Íslandi. Kennarar í Finnlandi kenna fjórar 45 mínútna kennslustundir á dag eða 600 klukkustundir á ári. Þeir telja að það sé mikið álag á kennarann að hafa kennsludaginn lengri og er mestöll orkan farin þegar tími er kominn til að sinna skyldum sínum eftir kennslu. Með því að hafa daginn styttri fá kennarar meiri tíma til að undirbúa kennsluna, taka þátt í að gera skólastarfið betra og að þróa vinnu sína faglega. Nemendur hafa þá einnig meiri tíma afgangss til að sinna öðrum verkefnum og er frjálst að fara heim eftir skóladaginn nema annað sé í boði af hálfu skólans en mikið er um klúbbastarfsemi og íþróttir (Sahlberg, 2011, bls. 62 – 64). Helsti munurinn á skólastarfi í Finnlandi og á Íslandi er að skóladagurinn er mun lengri hér á landi. Kennarar á Íslandi kenna um það bil sex 40 mínútna kennslustundir á dag eða 720 klukkustundir á ári og orsakar það oft þreytu hjá börnum og kennurum (Samband Íslenskra sveitarfélaga, 2014, bls. 16). Einnig kemur fram í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 að nemendur eigi að vera í að minnsta kosti 180 daga í skólanum á ári sem er talsvert lengra en var áður fyrr. Í eldri lögum um grunnskóla frá árinu 1995 var tekið fram að skóladagar skyldu ekki vera færri en 170 (lög um grunnskóla, nr. 91/2008 og nr. 66/1995). Með lengingu skólaársins er verið að koma til móts við óskir foreldra meðal annars vegna hutverks skólanna í gæslu barna auk kennslu.

Nýleg rannsókn sem gerð var á Íslandi fjallaði meðal annars um viðhorf kennara til heimanáms á yngsta stigi grunnskóla (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014). Þar kom í ljós að kennarar á yngsta stigi leggja ekki mikið heimnám fyrir og þá oftast ekki nema til einnar viku í senn. Lestrarþjálfun er í algjörum forgangi sem heimanámsverkefni hjá yngstu börnum grunnskóla. Þar á eftir kemur skrift og svo stærðfræði. Heimalestrinum er þannig háttað að foreldrar þurfa oftast að kvitta fyrir þegar barn þeirra er búið að lesa heima en með þessu geta foreldrar og kennarar fylgst betur með hvort verið sé að sinna heimanáminu. Ef nemendur taka verkefni með sér heim auðveldar það foreldrum að fylgjast með hvað þeir gera í skólanum. Kennarar á yngsta stigi grunnskóla telja heimanám vera mikilvægt en um 46% þeirra telja það vera mjög mikilvægt, 40% hvorki mikilvægt né léttvægt og 29% frekar eða mjög léttvægt (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014, bls. 140 – 141).

Þegar skoðað er hvernig heimanámi er háttað í grunnskólum í Finnlandi kemur í ljós að Finnar vilja fjarlægja allt sem getur komið í veg fyrir velgengni barna. Þess vegna hafa próf og heimanám að mestu verið lögð niður (Sahlberg, 2011, bls. 48). Fyrsta prófið er til dæmis ekki fyrr en á síðasta ári í grunnskóla. Áherslan er lögð á að kenna börnum að læra en ekki miða eingöngu lærdóm við próf (Hancock, 2011, bls. 3). Í alþjóðlegum prófum, eins og PISA (e. *The programme for international student assessment*) eru Finnar með

þeim hæstu (Sahlberg, 2011, bls. 49 – 56). Pasi Sahlberg (2011) telur að próf af þessu tagi sé ekki góð leið til að meta menntakerfið og að það muni einungis leiða til þess að margar faggreinar, eins og myndmennt og tónlist, fái minni áherslu en bóklegar greinar (Sahlberg, 2011, bls. 49 – 56). Ein ástæðan fyrir því getur verið að meiri áhersla er lögð á lesskilning og stærðfræði nú en áður, en í PISA-könnunum er einmitt prófað í þeim greinum og er menntakerfi þjóðarinnar meðal annars metið út frá því (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2012, bls. 9).

Samkvæmt finnska fræðimanninum Pasi Sahlberg (2011) er Finnland eitt fremsta samfélag í heiminum í dag þegar að kemur að læsi. Það var hins vegar aldrei þeirra markmið að verða bestir í heimi hvað viðkemur menntun (bls. 41). Finnar leggja mikla áherslu á samvinnu og telja hana mikilvægari fyrir þá heldur en samkeppni. Finnland hefur náð að bæta skólakerfi sitt svo um munar á mjög stuttum tíma og ástæða þess er að þeir gjörbreyttu menntastefnu í landinu og er hún ólík þeirri sem er í nágrannalöndunum. Með þessum hætti hafa þeir orðið fyrirmyndarþjóð þegar kemur að menntakerfi, segir finnski fræðimaðurinn Pasi Sahlberg (Sahlberg, 2011, bls. 41 – 42). Að hans sögn er jafnrétti mikilvægur þáttur í skólastarfinu hjá Finnum og telja þeir að öll börn eigi rétt á námi við sitt hæfi og á að fá þá aðstoð sem þau þurfa til að læra það sem sett er fyrir (Sahlberg, 2011, bls. 47 – 48). Hér á Íslandi er jafnrétti einnig talið mikilvægur þáttur. *Skóli án aðgreiningar* er stefna hér á landi sem skuldbindur alla skóla til að veita börnum menntun við hæfi og að það sé komið til móts við þarfir hvers og eins (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2015).

Í skilgreiningu á hlutverki grunnskóla og rétti nemenda í lögum um grunnskóla (91/2008) koma fram atriði sem falla meðal annars undir einstaklingsmiðað nám. Grunnskólar eiga að stuðla að jafnrétti nemenda og að menntun hvers og eins, þar sem nemendur eiga rétt á kennslu við sitt hæfi. Þar þurfa grunnskólar að huga að þörfum nemenda. Þeir eiga rétt á því að njóta þess að vera börn í öllu því sem viðkemur skólanum og skal gæta að því að vinnuálag sé ekki of mikið (lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. og 13. gr). Menntun barna í grunnskóla á að undirbúa þau fyrir þær áskoranir sem þau eiga eftir að takast á við í lífinu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 15). Ef barni gengur ekki vel í námi verða skólar að gera sér betur grein fyrir þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir því og hugsa um nám þess út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011 nr. 838 9. september 2015, bls. 55). Ekki eru allir nemendur eins og því er ekki hægt að ætlast til þess að það sama dugi fyrir alla. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur það einmitt fram að færni nemenda á ákveðnum sviðum er mismikil, sem og námshraði þeirra. Þess vegna er mikilvægt að námið sem fer

fram í skólanum, sem og heimanámið, sé sniðið að þörfum hvers nemanda, þannig muni það skila árangri og þeir upplifi jákvætt viðhorf til skólans (Cooper, 2007, bls. 12).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur einnig fram að heimanám sé á ábyrgð foreldra og að börn þeirra eigi að sinna því heimanámi sem kennarinn hefur lagt fyrir. Það á að vera í forgangi og tekið fram yfir frístundastarf og aðra starfsemi (bls. 71 – 72). Þetta kemur einnig fram í erlendri rannsókn en þar telja kennarar að foreldrar eigi að forgangsraða tíma barnsins þannig að skólastarfið sé alltaf í forgangi gagnvart annarri tómsundaiðkun (Deslandes, 2009, bls. 135). Nokkrar rannsóknir hafa sýnt að heimanám getur skapað vanlíðan hjá börnum og togstreitu á milli foreldra og barna (Cooper, 1989; Cooper, 2007; Van Voorhis, 2004). Heimanám á yngsta stigi grunnskóla hefur einnig aukist með árunum um leið og skólatíminn hefur lengst (lög um grunnskóla 66/1995; lög um grunnskóla nr. 91/2008). Með því að lengja tímann sem börn þurfa að vera í skólanum er einnig verið að auka álagið sem börnin upplifa oft með meira námsefni. Samkvæmt rannsókn sem var gerð árið 2014 telja flest allir fagmenntaðir starfsmenn íslenskra grunnskóla, eða 94% þeirra, æskilegt að foreldrar aðstoði barn sitt með heimanám. Um helmingur þeirra telur frekar eða mjög æskilegt að foreldrar taki þátt í ákvörðunum um hvað sé lagt fyrir sem heimanám (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014, bls. 210). Samkvæmt starfsmönnum skólans, nemendum og foreldrunum sjálfum virðist þátttaka foreldra að mestu vera tengd félagsstarfi skólans. Flestir foreldrar sem töldu þátttöku þeirra æskilega voru með háskólamenntun en það sýnir að vilji foreldra til þátttöku í skólagöngu barna sinna eykst eftir því sem þeir eru meira menntaðir (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014, bls. 213). Ljóst er að kennarar grunnskóla ætlast til að börn sinni heimanámi sínu og einnig er mikilvægt að foreldrar beri ábyrgð á því að það sé gert. En samtímis hafa aðrar rannsóknir sýnt fram á að ekki standa allir jafnfætis hvað varðar aðstoð heima fyrir, geta foreldra til að hjálpa er mismikil.

2.1.1 Aðstoð við heimanám utan heimilisins

Báðir foreldrar vinna mun meira utan heimilis heldur en áður fyrr og leiðir það til þess að börn þurfa einhvern ábyrgan einstakling til að hugsa um sig þar til foreldrar þeirra ljúka vinnu (Cosden, Morrison, Albanese og Marcias, 2001, bls. 212). Algengt er á Íslandi að nýta sér frístundaheimili og dvelur meirihluti nemenda yngsta stigs þar þangað til foreldrar þeirra ljúka vinnu, eða önnur starfsemi eins og fótbolli eða fimleikar tekur við (Kolbrún Þ. Pálsdóttir 2014, bls. 20). Börn dvelja í skólanum meirihlutann af deginum en samkvæmt Guðna Olgeirssyni, sérfræðingi og formanni starfshóps á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis um málefni frístundaheimila, bjóða grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu ekki upp á heimanámsaðstoð á frístundaheimilum sínum. Aðal-

áherslan er lögð á félagslegt uppeldi en ekki skólastarf eða heimanám (Samband Íslenskra sveitarfélaga, 2014). Í Danmörku er hins vegar í boði fyrir börn að fara í frístundastarf eftir skóla eða *Lektiecafé* þar sem heimanámsaðstoð er í boði og fara flest skólabörn beint þangað og dvelja þar til seinnipart dags (Kryger og Ravn, 2009, bls. 22).

Gott skipulag og tímastjórnun getur skipt miklu máli þegar kemur að því að finna tíma til að vinna heimanámið. Þetta er eitthvað sem margir nemendur þurfa aðstoð við og þá sérstaklega þeir sem eiga í námserfiðleikum eða eiga erfitt með að einbeita sér. Heimanámsaðstoð fyrir utan heimilið getur meðal annars hjálpað nemendum að tileinka sér góðar námsvenjur (Kelly, 2014). Ef litið er til baka til skilgreiningar heimanáms kemur ekki fram að heimanámið skuli unnið heima fyrir heldur eiga nemendur að vinna verkefni eftir að skóladegi lýkur (Symeou, 2009, bls. 76; Cooper, 2007, bls. 4; Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014, bls. 120). Tilgangur heimanáms tengist heimilinu að því leyti að foreldrar eiga hlutverk í því líka. Foreldrar bera ábyrgð á því að börn þeirra sinni heimanámi, þeir eiga að aðstoða þau við það ef þörf er á og sjá til þess að tekinn sé frá staður og stund til að sinna því (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 71; Kryger og Ravn, 2009, bls. 21). Þetta geta foreldrar gert með því að gera ráðstafanir, til dæmis svo heimanámið sé unnið í frístundinni.

Mikilvægt er að umhverfið sem nemendur vinna heimanám sitt í sé á vel upplýstum og hljóðlátum stað. Kelly (2014) lýsir umhverfi þar sem æskilegt sé að heimanám eigi sér stað en þar á að vera borð í boði handa nemendum, staður þar sem þeir geta unnið sjálfstætt. Gott er að pláss sé einnig fyrir annan aðila þegar nemendur þurfa sérstaka aðstoð. Tölvur ættu að vera til staðar til að nemendur geti nýtt sér þær til að leita upplýsinga eða vinna verkefni sín. Að lokum á að vera í boði þægileg aðstoða þar sem nemendum gefst tækifæri til að lesa í hljóði. Best væri ef heimanámsaðstoðin upplýsti foreldra um hversu mikill tími fer í að vinna verkefni hverju sinni. Hvort barnið þurfi mikla aðstoð eða hvort tíminn fari í fíflagang (Kelly, 2014).

Gott skipulag af hálfu skólans, sem minnkar álagið sem skapast oft vegna heimanáms, getur skipt sköpum hvað varðar líðan hjá börnum og foreldrum (Glasman, 2009, bls. 43). Glasman (2009) heldur því fram að ef nemendur fái aðstoð við heimanám utan heimilisins þá geti streitan og álagið sem fylgir því oft horfið og skilað sér í ánægjulegum samverustundum foreldra og barna (bls. 43). Einnig getur heimanámsaðstoð mögulega haft jákvæð áhrif á hegðun nemenda, áhugahvöt þeirra til náms og á námsvenjur. Nokkrar rannsóknir benda til að heimanámsaðstoð geti haft óbein áhrif á velgengni nemenda í námi (Cosden o.fl., 2001, bls. 213).

Fjölskyldulíf nú til dags er ólíkt því sem var hér áður fyrr og gæðastundum foreldra og barna fer fækkandi. Með heimanámsaðstoð er markmiðið að börn vinni heimanámið sitt vel og vandlega og klári það á réttum tíma þannig að þegar þau koma heim þurfi þau ekki að sinna því. Vandamálið hjá nemendum er nefnilega oftast að þeir skilja ekki verkefnið því þau eru oft ekki nægjanlega vel útskýrð og getur munað miklu að fá aðstoð frá aðila sem er vanur að læra og leysa verkefni (Glasman, 2009, bls. 43 – 44). Að aðstoða nemendur við heimanám áður en heim er komið getur dregið úr líkunum á að foreldrar og börn upplifi erfiði við að finna tíma, stað og aðstoð við heimanámið. Einnig finnst foreldrum þeir oft ekki tilbúnir til að aðstoða barn sitt vegna þess hversu erfið verkefnið eru og vegna skorts á upplýsingum um þau. Ef foreldrar hins vegar aðstoða ekki börn sín við heimanámið getur það haft áhrif á að þeir fylgist ekki nægilega vel með hvað þau eru að læra og gera í skólanum. Einnig minnkar það samstarfið á milli heimilis og skóla því heimanám er oft ein aðaltengingin þar á milli (Cooper og Valentine, 2001, bls. 146; Cosden o.fl., 2001, bls. 215).

2.1.2 Kennarar og heimanám

Kennarar telja einn tilgang heimanáms vera leið fyrir foreldra að fylgjast með því sem börn þeirra læra í skólanum. Sumir kennarar halda því fram að heimanám geti bætt námsárangur nemenda (Cooper o.fl., 1998, bls. 70; Van Voorhis, 2004, bls. 206) og mikilvægt sé fyrir þá að rifja upp það sem þeir gerðu í skólanum þann daginn þannig að það festist betur í minni þeirra (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014, bls. 140).

Mikilvægt er fyrir kennara að fylgjast með hvernig nemendum gengur að vinna heimanámið sitt og hversu langan tíma það tekur þá að ljúka því. Með því geta þeir komið í veg fyrir að nemendur upplifi álag og streitu ef of mikill tími fer í heimavinnuna (Van Voorhis, 2004, bls. 207). Samskipti milli foreldra og kennara tengd heimanámi eru ekki mikil og leiðbeiningar um hvernig heimanámið á að vera unnið eru oft af skornum skammti. Niðurstöður rannsóknar í Bandaríkjunum, sem framkvæmd var árið 1995 í 1.011 grunnskólum, sýndu að meira en helmingur foreldra barna á miðstigi fékk ekki reglulega upplýsingar um hvernig þeir ættu að aðstoða barn sitt við heimavinnuna. Rannsóknin fólst í að athuga samskipti milli foreldra og kennara á miðstigi tengd heimanámi nemenda (Van Voorhis, 2004, bls. 207).

Í rannsókn þeirra Cooper o.fl. (1998) kom í ljós að kennarar, nemendur og foreldrar á yngsta stigi grunnskóla hafa oft en ekki jákvætt viðhorf gagnvart heimanámi (bls. 76). Hinst vegar kom einnig í ljós að nemendur á yngsta stigi sýndu neikvætt viðhorf gagnvart heimanámi. En þau börn voru með kennara sem sagðist setja almennt meira heimanám

fyrir miðað við aðra kennara á yngsta stigi. Einnig kom fram að þeir nemendur sem voru með lágan einkunnir á prófum voru með jákvæðara viðhorf gagnvart heimanámi. Kennarar sem voru með slakari nemendur í bekknum sínum höfðu jákvætt viðhorf gagnvart heimanámi en þó kom ekki fram marktækur munur á milli kennara sem voru með námslega sterkari nemendur. Nemendur sem fengu lága einkunn á stöðluðum prófum voru með kennara sem leit á heimanám sem gagnlegt tæki til að bæta námsárangur. Kennarar sem litu á heimanám sem jákvæða viðbót við skólastarfið voru þeir sem settu meira fyrir. Það getur hins vegar leitt til að nemendur nái ekki alltaf að klára, meiri tími fer í heimanámið og leiðir það mögulega til lægri einkunnna í skóla. Ein áhugaverð niðurstaða úr rannsókninni var að því meira heimanám sem lagt var fyrir nemendur á yngsta stigi grunnskóla því neikvæðara varð viðhorf þeirra gagnvart skóla og heimanámi yfir höfuð (Cooper o.fl., 1998, bls. 75 og 81).

Sara Diljá Hjálmarsdóttir (2014) framkvæmdi rannsókn á meðal 107 kennara á yngsta stigi grunnskóla um allt land. Þar kom í ljós að 31% þeirra taldi heimanám ekki vera nauðsynlegt til að tengja heimili og skóla saman. Einnig kom í ljós að 55% kennaranna töldu að aukið álag á nemendur og foreldra kæmi með heimanámi (bls. 61). Niðurstöður benda einnig til þess að kennarar á yngsta stigi grunnskóla vilji halda öllu heimanámi, fyrir utan lestur, í algjöru lágmarki. Nemendur eru oft ekki tilbúnir til að vinna heimanámið þegar þeir koma heim eftir langan vinnudag (bls. 59). Þetta styður rannsókn þeirra Ingvars Sigurgeirssonar o.fl. (2014) en í henni kom í ljós að íslenskir kennarar á yngsta stigi grunnskóla reyna að leggja ekki mikið heimanám fyrir nemendur sína og yfirleitt bara til einnar viku í senn, þar sem heimalestur er á hverjum degi en nemendur hafa viku til að ljúka örðum verkefnum og skila aftur til kennarans (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014, bls. 140). Einnig kom fram í rannsókn þeirra að nokkrir kennarar efuðust um réttmæti heimanáms út frá því sjónarmiði að skóladagurinn væri orðinn alltof langur og að ekki búi allir nemendur við sömu heimilisaðstæður til að geta lært heima fyrir. Í viðtali við einn kennarann í þessari rannsókn kom fram að börn nú til dags þyrftu að sinna mörgum verkefnum eftir að skóladegi lýkur, eins og íþróttum og tónlist. Komi heimanámið ofan á það geri það þeim stundum erfitt fyrir, þá fá þau hreinlega ekki lengur að vera börn þegar enginn tími er lengur aflögu fyrir leik. Aðrir kennarar töldu heimanámið vera mikilvægt fyrir framtíð barnanna þar sem það kenni þeim sjálfstæði og ábyrgð (bls. 142). Flestir kennarar á yngsta stigi grunnskóla töldu að heimanám væri mikilvægt í námi barna en því ætti að vera stillt í hof þar sem aðaláherslan ætti að vera á lestrarþjálfun. Skólar með bekkjarkennslu lögðu meiri áherslu á heimanám heldur en þeir sem voru með teymiskennslu (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014, bls. 151). Niðurstöður

rannsóknar þeirra Ingvars o.fl. (2014) og Söru Diljár (2014) gefa einnig til kynna að kennarar hérlendis hafi sömu sýn og kennarar erlendis, það er að viðhorf þeirra til heimanáms sé jákvætt þrátt fyrir að nokkrir hafi efasemdir um mikilvægi þess.

2.1.3 Áhrif heimanáms á nemendur

Þeir sem hafa rannsakað heimanám hafa bæði fundið jákvæðar og neikvæðar hliðar þess. Þegar skoðað er hvað kennurum og foreldrum þykir um heimanám þá eru þeir sammála um að með því að rifja upp efnið þegar heim er komið öðlist nemendur betri skilning. Heimanám getur einnig haft óbein áhrif á námsvenjur nemenda, viðhorf þeirra til skólans og kennt þeim að nám getur átt sér stað hvar sem er en ekki einungis í skólanum (Cooper og Valentine, 2001, bls. 146). Aðrir kennarar og foreldrar benda á að heimanám sé einungis gefandi í ákveðinn tíma. Þannig að ef nemendum er ætlað að vinna það í lengri tíma er mjög líklegt að þeir eigi eftir að verða leiðir á því (Cooper, 2007, bls. 11). Heimanám getur haft óæskileg áhrif, en það getur leitt til þess að nemendur svindli oftast við heimavinnuna til að ljúka henni af. Með heimanámi er líka verið að taka frítíma frá börnunum og tækifæri til að sinna öðrum verkefnum sem geta verið mikilvæg fyrir þroska þeirra og stundum er tekið af svefntíma þeirra (Cooper, 2007, bls. 11; Cooper og Valentine, 2001, bls. 146). Cooper og Valentine (2001) telja að þátttaka foreldra geti haft slæm áhrif þar sem þeir kenna kannski börnum sínum aðrar aðferðir en þær sem þeim eru kenndar í skólanum. Að lokum getur heimanám leitt til félagslegs ójafnaðar þar sem börn frá fátækari heimilum geta átt í erfiðleikum með að ljúka því miðað við aðra nemendur sem hafa það gott heima fyrir. Fátæk börn eru líka líklegri til að hafa ekki aðgengi að vel upplýstum stað til að vinna heimanámið sitt. Þess vegna er því haldið fram að með heimavinnu sé ekki stuðlað að jafnrétti barna (bls. 146; Cooper, 1989, bls. 87).

Til lengri tíma litið hefur heimanám ekki bein áhrif á námsgetu barna heldur meiri áhrif á þá færni sem þau öðlast með því og ef til vill getur það gert þau að betri námsmönnum. Sú færni sem nemendur öðlast er meðal annars gagnrýnin hugsun, hvernig best er að vinna með upplýsingar, hvatning til að læra, hvenær og hvar sem er. Það getur bætt viðhorf þeirra til skólans og bætt námsvenjur. Heimanám getur þá einnig kennt nemendum tímastjórnun, þeir geta orðið sjálfstæðari í að leysa vandamál og öðlast meiri sjálfsaga (Cooper, 2007, bls. 10). Aftur á móti kemur líklega stór hluti barna til með að upplifa álag sem fylgir því að ljúka heimanámi því samkvæmt Glasman (2009) vinnur stór hluti nemenda verkefni frekar hægt. Hann segir að þeir nemendur sem vinna hratt nái að vinna verkefni sín á 12 mínútum á meðan nemendur sem vinna hægar ljúki klára sömu verkefnum á 27 mínútum (bls. 40). Margir nemendur telja heimanám vera eina aðalástæðuna fyrir því að þeir upplifa stress í sínu lífi (Cooper, Robinson og Patall, 2006,

bls. 6). Pressan sem lögð er á börn í dag við að ná góðum námsárangri er mikil en því hærrí sem einkunnir þeirra eru, því betri námsmenn eru þeir í augum foreldra sinna. Eftir því sem lengra líður á námsferil þeirra verða einkunnir mikilvægari og geta þær meðal annars haft áhrif á framtíðarstarf þeirra (Glasman, 2009, bls. 43).

Glasman (2009) veltir því fyrir sér hvort þeim nemendum sem gengur vel í skóla gangi vel vegna þess að þeir sinna heimanáminu sínu, eða hvort þeir sinni því vegna þess að þeim líkar vel við skólann og fá jákvæða endurgjöf frá kennaranum. Þessir einstaklingar fara létt með það að vinna verkefni sem sett eru fyrir og hafa í raun gaman af þeim (bls. 45). Það er álitamál hvað á í raun að vinna heima fyrir og hvað eigi að framkvæma í skólanum. Því það eru ekki allir sem búa við sömu heimilisaðstæður og hafa sömu tól til að vinna heimanámið. Börn vinna allan daginn í skólanum og eru ef til vill þreytt og þurfa tilbreytingu og gera eitthvað annað sem tengist ekki skólanum þegar skóladegi lýkur. Því það er mikilvægt að börn fái að njóta þess líka að vera börn, fái að leika sér eða jafnvel sitja og láta sig dreyma, eitthvað allt annað en það sem tengist skólanum (Glasman, 2009, bls. 42 og 46).

Áhugavert er að skoða PISA-niðurstöður frá Finnlandi en samkvæmt þeim kom í ljós að einungis 7% finnskra barna upplifðu kvíða þegar þau leystu stærðfræðiverkefni heima. En í Japan og Frakklandi til dæmis upplifðu 52% barna kvíða gagnvart stærðfræðiverkefnum. Það að börnin upplifi ekki eins mikinn kvíða í Finnlandi hefur mikið með velgengni þeirra að gera (Sahlberg, 2011, bls. 64). Samkvæmt niðurstöðum PISA 2012 hefur kvíði íslenskra barna við úrvinnslu stærðfræðiverkefna farið minnkandi síðan árið 2003 (Almar M. Halldórsson o.fl., 2012, bls. 69) sem er mjög jákvætt. Kennarar í Finnlandi eru ekki sammála kennurum annarra þjóða um að aukið heimanám og endurteknar æfingar skili betri námsárangri. Þess vegna fá finnsk börn nær ekkert heimanám og ef það er eitthvað þá ljúka flest þeirra því í skólanum áður en þau fara heim (Sahlberg, 2011, bls. 65). Skólakerfið í Finnlandi leggur í raun minni áherslu á heimanám og prófálag og útkoman er sú að nemendur þeirra ná lengra á alþjóðlegum prófum.

Cooper o.fl. (1998) framkvæmdu rannsókn um heimanám og áhrif þess á námsárangur. Þeir komust að því að lítil tengsl eru á milli heimanáms og námsárangurs nemenda. Það eru hins vegar jákvæð tengsl á milli hversu miklu magni heimanáms nemendur ljúka hverju sinni og námsárangurs þeirra á efri skólastigum en lítil sem engin tengsl á yngsta stigi grunnskóla (Cooper o.fl., 1998, bls. 80). Cooper (1989) komst að þeirri niðurstöðu að heimavinna hefur neikvæð áhrif á námsárangur nemenda á yngsta stigi en jákvæð áhrif hjá nemendum á eldri stigum (bls. 88). Einnig komust Cooper o.fl. (1998) að þeirri niðurstöðu að á yngstu stigum grunnskóla er ekki gott að úthluta of miklu

heimanámi þar sem afleiðingar þess geta verið að nemandinn upplifi neikvætt viðhorf gagnvart skólanum sínum. Þessir fræðimenn hvetja kennara á yngsta stigi sem setja fyrir heimanám að stilla því í hóf. Mikilvægt sé að hafa í huga að umfang verkefnanna þurfi að miða við þroska barnsins og ættu kennarar að veita nemendum skýr og nákvæm fyrirmæli um hvernig þeir eigi að vinna verkefnin (Cooper o.fl., 1998, bls. 70).

2.2 Foreldrar og heimanám

Kennarar mynda sér oft skoðun á foreldrum út frá því hvort þeir aðstoði barnið sitt heima fyrir og sjái til þess að það vinni heimanámið sitt vel (Glasman, 2009, bls. 43). Foreldrar geta upplifað ákveðna skyldu til að sitja yfir barninu sínu og aðstoða það við heimanámið í góðri trú um að það muni bæta námsárangur þess (Hoover-Dempsey o.fl., 2001, bls. 201). Ekki eru allir foreldrar á sömu skoðun því oft getur heimanámið haft í för með sér óþægindi hjá þeim sem hafa það ekki gott félagslega. Þeir foreldrar telja sér trú um að heimanám muni gera barninu sínu gott en aftur á móti eiga þeir í erfiðleikum með að aðstoða það heima fyrir. Stundum eru þeir hræddir um að ef þeir veiti aðstoð sína þá skapi það barninu aukna erfiðleika því þeir kenni því rangar leiðir til þess að vinna verkefnið. Oft eru foreldrar ómenntaðir og ekki með mikla reynslu í að læra eða eru innflytjendur sem kunna ekki tungumálið nógu vel (Glasman, 2009, bls. 41). Þetta eru dæmi um mismunun sem heimanám getur skapað á milli barna því aðstæður eru ólíkar heima fyrir.

Rannsókn í Frakklandi fólst í því að skoða hlutverk foreldra í lífi barna þeirra. Út frá viðtölum við foreldra kom í ljós að mæður eru næstum alltaf það foreldri sem aðstoðar barnið við heimanámið. Hlutverkið sem feður sinna mest er að koma barninu sínu frá einum stað til annars og þeir sinna oftast einungis einu hlutverki nema að faðirinn sé aðalumönnunaraðilinn (Bauer, 2015, bls. 182; Brugeilles og Sebille, 2015, bls. 218). Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu einnig til kynna að þeir feður sem höfðu meiri menntun en móðirin aðstoðuðu barnið meira við heimanámið, en ef barnið var með einhverja námserfiðleika aðstoðaði móðirin það oftast, nema ef um strák var að ræða þá kom faðirinn meira að aðstoðinni (Brugeilles, og Sebille, 2015, bls. 218). Ef foreldrar áttu eitt eða fleiri börn skipti það líka máli, því fleiri börn sem þau áttu því meira aðstoðuðu báðir foreldrar með heimanámið. Einnig kom fram að því fleiri börn sem foreldrar ættu því líklegra væri að báðir foreldrarnir ynnu úti og þá skiptu þeir þessu hlutverki jafnar á milli sín. Ef þeir áttu einungis eitt barn og ef móðirin var ekki að vinna úti þá var það hlutverk móðurinnar að aðstoða við heimanámið og feðurnir tóku þá lítinn sem engan þátt í því (Brugeilles og Sebille, 2015, bls. 218). Einnig kom í ljós að ef feðurnir voru með

háskólamenntun þá skiptu þeir sér meira af námi barna sinna (Brugeilles og Sebille, 2015, bls. 222).

Rök hafa verið færð fyrir því að heimanám ýti undir að foreldrar taki þátt í námi barna sinna og sýni barni sínu áhuga á því sem það er að gera á jákvæðan hátt (Cooper, 1989, bls. 86). Danir telja mikilvægt að foreldrar taki þátt í námi barna sinna og ein vinsælasta aðferðin er að þeir aðstoði við heimavinnuna. Í lögum um grunnskóla í Danmörku kemur ekki fram að heimanám eigi að vera til staðar en ástæðan fyrir því getur verið sú að í skólakerfinu sé meiri áhersla lögð á einstaklinginn og að verkefni séu einstaklingsmiðuð. Þá er ekki ætlast til að allir fái sömu verkefni. Danir huga líka að réttlæti þar sem öll börn eiga rétt á námi við hæfi sama hver bakgrunnur og heimilisaðstæður þeirra eru (Kryger og Ravn, 2009, bls. 7 – 8).

Hver viðhorf foreldra eru til grunnskólabarna sinna skiptir miklu máli, ekki síður en þátttaka þeirra í lífi þeirra en þeir eiga að aðstoða þau við að verða góðir og gildir samfélagsþegnar (Kryger og Ravn, 2009, bls. 11). Rannsókn var gerð í 21 landi, þar á meðal Danmörku, þar sem skoðað var sambandið á milli þess hversu mikið foreldrar tóku þátt í lífi barna sinna og lestragetu þeirra. Þar kom í ljós að því meiri sem þátttaka foreldra var því betri voru börnin þeirra í lestri og var Danmörk eitt af þeim löndum sem sýndi fram á velgengi á þessu sviði (Hampden-Thompson, Guzman og Lippman, 2013, bls. 246). Niðurstöður gefa einnig til kynna að sú samvera sem foreldrar og nemendur eiga þegar þeir setjast niður og borða saman máltíð er ein af þeim sem eykur velgengi. Þar á eftir eru almennar samræður sem foreldrar eiga með börnum sínum, sjaldan var samt rætt um heimanám. Danmörk og Svíþjóð voru einu löndin þar sem niðurstöður sýndu að nemendur fengu meiri heimanámsaðstoð frá foreldrum sínum en annars staðar. Það helsta sem kom út úr niðurstöðum rannsóknarinnar var að það voru tengsl á milli þess að nemendur borðuðu reglulega saman máltíð með foreldrum sínum og lestrargetu þeirra. Í Danmörku skoruðu nemendur hærra í lestri eftir því sem þeir nutu oftast máltíðar með foreldrum sínum (Hampden-Thompson, Guzman og Lippman, 2013, bls. 255). Þessar niðurstöður benda til að samvera barna með foreldrum sínum hefi jákvæð áhrif á námsframvindu barnanna í Danmörku (Hampden-Thompson, Guzman og Lippman, 2013, bls. 261).

Það er margt sem foreldrar bera ábyrgð á tengt grunnskólagöngu barna sinna, eins og að fá upplýsingar um það sem fram fer í skólanum, mæta á fundi hjá kennurum, sinna heimanámi og að vita hvenær próf eiga að fara fram. Skólayfirvöld í Danmörku vilja til dæmis ná góðum árangri á stöðluðum prófum, miðað við aðrar þjóðir og því er pressa lögð á nemendur að vinna vel í skólanum. Ein leið til að ná góðum árangri á stöðluðum

prófum eru endalausar æfingar og þar kemur heimanámið inn í. Það er þá á ábyrgð skólans að ákveða hvaða verkefni eru lögð fyrir og hversu mikið, það kemur ekki fram í lögum um grunnskóla í Danmörku (Kryger og Ravn, 2009, bls. 11 – 17). Vangaveltur í tengslum við nauðsyn heimanáms eru ekki nýjar af nálinni í Danmörku. Þeir velta því fyrir sér hvort það eigi að minnka það eða auka það til að reyna að ná sem lengst í akademískum stöðlum og þá samtímis að kenna börnum góð vinnubrögð. Að þeirra mati skiptir miklu máli að því meiri aðstoð sem nemendur fá við heimanámið, sérstaklega þeir sem eru í áhættuhópi, því meiri árangri nái þeir í skólanum og þá samtímis í lífinu (Kryger og Ravn, 2009, bls. 17 – 18). Góð menntun skiptir miklu máli í atvinnulífinu í dag.

Þátttaka foreldra í námi barna sinna er mismikil og ekki eru allir foreldrar með sömu væntingar gagnvart samstarfinu á milli heimilis og skóla. Þættir sem geta haft áhrif þar eru efnahagsleg og félagsleg staða foreldranna, hvort móðirin er menntuð eða ekki og hvort foreldrarnir búi saman (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014, bls. 197). Foreldrar jafnt sem kennarar telja að þátttaka foreldra í heimanámi sé mikilvægur þáttur í velgengni barna þeirra í skóla (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014, bls. 143) en þar sem aðstæður heima fyrir eru ekki alltaf hinar sömu getur þessi þáttur mismunað nemendum. Í rannsókn Kristínar Jónsdóttur og Amalíu Björnsdóttur (2014) kom í ljós að 99% foreldra og starfsfólks skóla töldu að stuðningur frá foreldrum við nám barna sinna væri frekar eða mjög mikilvægur til að námsárangur þeirra yrði sem mestur. Í sömu rannsókn kom einnig í ljós að 34% kennara áttu frumkvæði að samskiptum við foreldra vikulega eða oftar vegna heimanáms. Aftur á móti höfðu einungis 10% foreldra samband við umsjónarkennara vikulega varðandi heimanám barna þeirra. Flestir höfðu samband tvisvar til fjórum sinnum á önn eða um 28% foreldra (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014, bls. 204 – 205).

Höfundur kynnti sér niðurstöður þriggja M.Ed.-rannsókna sem gerðar voru meðal annars um viðhorf foreldra til heimanáms. Díana Erlingsdóttir (2014) gerði eigindlega rannsókn þar sem hún tók rýnihópaviðtöl við alls 16 foreldra með börn á öllum stigum grunnskóla. Hjördís Pétursdóttir (2015) lagði fyrir rafræna spurningakönnun meðal 77 foreldra með barn á yngsta stigi grunnskóla og Karítas Gissurardóttir (2014) framkvæmdi eigindlega rannsókn þar sem hún tók viðtöl við sex foreldra sem áttu börn á yngsta stigi grunnskóla úr þremur mismunandi skólum með þrjár mismunandi stefnur (Díana Erlingsdóttir, 2014, bls. 28; Hjördís Pétursdóttir, 2015, bls. 36; Karítas Gissurardóttir, 2014, bls. 34). Á heildina litið voru niðurstöður þeirra ekki ólíkar hvað varðar viðhorf foreldra til heimanáms en hjá flestum var það jákvætt og vildi meirihluti þeirra hafa það. Sumir foreldrar tiltóku að það skapaði togstreitu og álag en þrátt fyrir það sáu þeir marga

góða kosti við það. Lestur var nauðsynlegur í augum allra foreldra og önnur verkefni voru talin stuðla að námsárangri nemenda sem og að æfa grunnatriði í námi. Margir foreldrar töldu að annað heimanám mætti vera meira einstaklingsmiðað og skemmtilegra þannig að áhugi nemenda fyrir efninu héldist og viðhorf þeirra til heimanáms yrði jákvæðara (Díana Erlingsdóttir, 2014, bls. 31 og 49; Hjördís Pétursdóttir, 2015, bls. 61 – 65; Karítas Gissurardóttir, 2014, bls. 59 – 61). Í rannsókn Hjördísar (2015) kom í ljós að foreldrar höfðu áhyggjur af því að heimanám ýtti undir mismunun nemenda því ekki gætu allir fengið aðstoð heima við. Niðurstöður leiddu einnig í ljós að margir foreldrar töldu það taka tíma frá öðrum athöfnum barnanna. Töldu kennarar helstu örðugleika heimanámsins vera að nemendur kæmu seint heim eftir daginn, foreldrar þeirra hefðu kannski ekki nægan tíma til að aðstoða þá og skildu kannski ekki hvernig börnin ættu að leysa verkefnin (bls. 77 – 79).

Van Voorhis (2004) bendir á að með heimanámi séu skólar að tryggja foreldrum og samfélaginu að þeir geri miklar námskröfur og hafi væntingar til nemenda sinna (bls. 208). Þetta leiðir til þess að foreldrar hafa ákveðnar væntingar til skólanna um að börnin fái heimanám í þeirri trú að það stuðli að betri námsárangri (Warton 2001, bls. 157 og 161). Foster (2000) telur hins vegar að þrátt fyrir að margir foreldrar búist við heimanámi og finnist það bæta námsárangur þeirra þá séu þættir eins og vinnutími foreldra sem geta gert þeim erfitt fyrir að hjálpa börnunum með heimanámið eða fylgjast með þeim vinna það (bls. 8).

Fræðin um heimanám, rannsóknir á viðhorfum foreldra, áhrif á námsárangur nemenda o.s.frv. liggja til grundvallar rannsóknar á viðhorfum íslenskra foreldra. Tilgangur þessarar rannsóknar er að skoða hver viðhorf foreldra eru til heimanáms barna, hvernig því er háttað á heimili þeirra, hvort þeir telji að hægt sé að betrumbæta það og hvort þeir telji það nauðsynlegt á yngsta stigi. Rannsóknarspurningin er þessi: Hver eru viðhorf foreldra til heimanáms á yngsta stigi grunnskóla? Helstu undirspurningar eru: Hvern telja þeir tilgang heimanáms vera á yngsta stigi grunnskóla? Hvernig er heimanámi háttað á heimilum þeirra? Hvert finnst þeim mikilvægi heimanáms á yngsta stigi vera? Hvað telja þeir að hægt væri að gera til að betrumbæta heimanámið?

3 Aðferð og framkvæmd

Rannsókn þessi er eigindleg og notuð voru eigindleg viðtöl til að afla gagna. Viðtalsniðið sem notast var við heitir *hálfopin viðtöl* (e. *guided interview eða semi-structured interview*) (Lichtman, 2013, bls. 191). Stuðst var við viðtalsramma (Viðauki A) í viðtölunum sem byggður er á fræðilegu efni rannsóknarinnar til að komast nær rannsóknarspurningunni. Ástæðan fyrir því að höfundur valdi viðtalsrannsókn var til að skapa umræðu í kringum svör viðmælenda og þannig komast nær viðhorfi þeirra til heimanáms barna þeirra.

3.1 Undirbúningur viðtala

Til að undirbúa viðtalsrammann fyrir viðtölin nýtti höfundur sér þau fræði og rannsóknir sem hann hefur kynnt sér og fjallað var um í fræðilega kafla verkefnisins. Í upphafi viðtala voru bakgrunnsspurningar lagðar fyrir og á eftir þeim komu spurningar tengdar heimanámi barna. Þessar fyrirfram ákveðnu spurningar voru til þess gerðar að komast nær viðhorfi foreldra til heimanáms barna á yngsta stigi grunnskólans. Þrátt fyrir að vera með þessar fyrirfram ákveðnu spurningar þá breyttust þær að einhverju leyti eftir aðstæðum og viðmælendum. Samkvæmt Lichtman (2013) hentar þessi leið nýjum rannsakendum mjög vel þar sem þeim finnst oft gott að hafa eitthvað til að styðjast við og þannig finna fyrir meira öryggi meðan á viðtalinu stendur (Lichtman, 2013, bls. 191).

Höfundur tileinkaði sér ákveðin atriði áður en viðtölin voru tekin meðal annars varðandi orðalag spurninganna. Þar varð hann að gæta þess að spurningar væru ekki leiðandi en höfundur lagði ríka áherslu á að fá fram skoðanir viðmælenda á málinu. Til að skilja svör viðmælenda betur þurfti höfundur að hlusta gaumgæfilega, virða umhugsunartíma viðmælenda og spyrja nánar út í svör hans til að fá sem besta innsýn og skýringar á umfjöllunarefninu. Að virða viðmælenda sinn er mikilvægur þáttur í viðtölum og að laða fram einlægni, heiðarleika og skapa traust (Helga Jónsdóttir, 2013, 145 og 147; Lichtman, 2013, bls. 197 – 202).

3.2 Framkvæmd

Höfundur sendi póst á fjóra grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu til að fá þátttakendur í rannsóknina. Með fylgdi bréf um rannsóknina (Viðauki A) þar sem beðið var um að bréfið yrði sent áfram á foreldra sem ættu barn á yngsta stigi grunnskóla. Með þessu var höfundur að notast við tilviljunarúrtak en leitað var eftir þátttöku foreldra með barn á yngsta stigi og höfðu allir sem svöruðu bréfinu jafna möguleika á að taka þátt í þessari

rannsókn (Lichtman, 2013, bls. 30). Tveir skólar svöruðu þeim pósti og áframsendu bréfið á foreldra, það voru grunnskóli A og grunnskóli B. Viðtölin voru tekin á tímabilinu febrúar 2016 til mars 2016. Í grunnskóla A svöruðu átta foreldrar með börn í 1. – 4. bekk og samþykktu þátttöku sína í rannsókninni en aðeins þrír úr grunnskóla B með börn í 1. – 3. bekk. Viðtölin fóru fram á þeim stað sem hentaði þátttakanda best en þar urðu meðal annars fyrir valinu heimili eða vinnustaður. Viðtölin tóku allt frá 17 – 50 mínútur. Í viðtalsferlinu þarf að huga vel að staðsetningu þeirra, að um hljóðláta staðsetningu sé að ræða, þar sem helst ekkert annað fólk er til staðar (Lichtman, 2013, bls. 194). Í tveimur viðtölum voru börn foreldranna heima meðan á viðtalinu stóð en þrátt fyrir smá truflun hafði það lítil sem engin áhrif á viðtalið. Einstaklingsviðtöl geta verið mjög mismunandi frá einum viðmælanda til annars og er gott að vera ekki með fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hver svör þeirra munu verða. Ljóst er að rannsóknargögnin skapast af rannsakanda og viðmælendum hans og umræðunni sem fer þeirra á milli (Helga Jónsdóttir, 2013, bls. 143; Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 229).

Það er margt sem þarf að hafa í huga í viðtölum, eins og hvernig sé best að hefja þau og enda eftir að rannsókn hefur verið samþykkt af þátttakanda. Ráðlagt er að byrja viðtalið með léttu spjalli og jafnvel finna eitthvað sem viðmælendur og rannsakandi eiga sameiginlegt og var það einmitt það sem höfundur gerði. Þetta getur haft góð áhrif á sambandið sem myndast milli þátttakanda og rannsakanda. Þannig er best að byrja ekki strax á aðalspurningu viðtalsins heldur hafa spurningar opnar í byrjun og svo þrengja viðfangsefnið þegar líður á. Hvert viðtal endaði á því að höfundur tilkynnti að ekki væri um fleiri spurningar að ræða og spurði hvort viðmælendinn myndi vilja bæta einhverju við því mælt er með því að gefa þátttakendum svigrúm til að bæta einhverju við (Helga Jónsdóttir, bls. 146 og 148; Lichtman, 2013, bls. 194).

3.3 Þátttakendur

Tekin voru níu viðtöl við ellefu foreldra með barn á yngsta stigi grunnskóla. Í tveimur viðtölum var rætt við bæði móðurina og föðurinn á sama tíma en í hinum sjö var einungis annað foreldrið viðstatt, þar af sex mæður og einn faðir. Þátttakendur voru úr tveimur skólum á höfuðborgarsvæðinu þar sem í grunnskóla A er lögð mikil áhersla á heimanám en í grunnskóla B er ekki lögð eins mikil áhersla á þann þátt í náminu.

Eins og áður kom fram voru foreldrar spurðir bakgrunnsspurninga og eru þetta svör þeirra hér fyrir neðan. Notuð eru gervinöfn til að tryggja nafnleynd þátttakenda.

Arna á fjögur börn og er barnið á yngsta stigi stelpa í 2. bekk í grunnskóla A. Stelpan hennar tekur þátt í frístundastarfi skólans einu sinni í viku því hún vinnur ekki eins og er og er því heima. Stelpan æfir ballett, handbolta og spilar á flautu. Faðirinn er með sveinspróf og er með sérmenntun því tengdu og er í fullri vinnu. Móðirin er með stúdentspróf en hefur setið fjölda námskeiða til að bæta við sig þekkingu fyrir starf sitt. Hún er heima með yngsta barnið eins og er en er annars í fullri vinnu.

Halldór á þrjú börn og er barnið á yngsta stigi stelpa í 4. bekk í grunnskóla A. Hún tekur ekki mikinn þátt í frístundastarfi skólans en þegar hún var yngri nýtti hún sér það töluvert og var þá til kl. 16.00 eða 16.30. Að mati Halldórs er frístundastarfið ekki nógu áhugavert fyrir eldri nemendur sem gerir það að verkum að þeir vilja frekar fara heim til sín eða til vina eftir skóla. Stelpan hans æfir handbolta, fimleika, píanó og er í kór. Hann og móðirin eru bæði háskólamenntuð og í fullri vinnu.

Helga á tvö börn og er barnið á yngsta stigi strákur í 4. bekk í grunnskóla A. Hann tekur þátt í frístundastarfi skólans og er með pláss alla daga til kl. 15.30. Strákurinn hennar æfir karate þrisvar sinnum í viku fyrir utan bæjarfélagið og fer það fram kl. 17.00. Faðirinn er háskólamenntaður með doktorsgráðu og er í fullri vinnu. Hún sjálf er háskólamenntuð með tvær meistaragráður og er einnig í fullri vinnu.

Jóhanna og **Kristján** eiga fjögur börn og eru börnin á yngsta stigi báðir strákar í 1. og 3. bekk í grunnskóla A. Báðir eru skráðir í frístundastarf skólans, því þeir fá systkinaafslátt, en þar sem móðirin er heimavinnandi koma þeir oft heim eftir skóla og eru því ekki skráðir allan daginn. Eldri strákurinn æfir fótbolta en sá yngri er enn að íhuga hvað hann vilji æfa. Faðirinn er háskólamenntaður með meistara- og doktorsgráðu og er í fullri vinnu. Móðirin er háskólamenntuð með meistarapróf og er sjálfstætt starfandi í fullri vinnu þar sem hún rekur fyrirtæki heima hjá sér.

Karítas á tvö börn og er barnið á yngsta stigi stelpa í 3. bekk í grunnskóla A. Stelpan hennar er með pláss í frístund skólans alla daga til kl. 15.00 eða 15.30. Hún fullnýtir hins vegar ekki plássíð því móðirin er sjálf í rannsóknarvinnu heima fyrir. Stelpan hennar getur því komið heim þegar hún vill. Hún æfir fótbolta, fimleika og stundar nám á blokkflautu. Faðir stelpunnar er af erlendu bergi brotinn og er hún því tvítýngd. Faðirinn er menntaður

leiðsögumaður og er í fullri vinnu en móðirin er sjálf í doktorsnámi og vinnur ekki mikið samhlíða því.

María á tvö börn og er barnið á yngsta stigi strákur í 3. bekk í grunnskóla A. Hann tekur þátt í frístundastarfi skólans og er flestalla daga með pláss til kl. 14.30. Eftir það fer hann á handbolta- eða gítaræfingu til kl. 16.00. Bæði faðirinn og María eru háskólamenntuð með bakkalágráðu og eru í fullri vinnu.

Sigrún á tvö börn og er barnið á yngsta stigi stelpa í 1. bekk í grunnskóla A. Stelpan hennar tekur þátt í frístundastarfi skólans alla daga til kl. 16.30. Hún æfir djassballett einu sinni í viku eftir skóla á föstudögum. Báðir foreldrar stelpunnar eru háskólamenntaðir með meistaragráðu.

Anna á þrjú börn og er barnið á yngsta stigi strákur í 2. bekk í grunnskóla B. Strákurinn hennar tekur þátt í frístundastarfi skólans fjórum sinnum í viku til kl. 15.00 eða 16.00 dag hvern, nema einn dag í viku þá er hann allan daginn. Hann spilar fótbolta þrisvar sinnum í viku, tvisvar á virkum dögum og einu sinni um helgar. Faðir barnsins er með sveinspróf en er atvinnulaus eins og stendur. Móðirin er sjálf háskólamenntuð með bakkalágráðu og í fullri vinnu.

Hildur og Sigurður eiga þrjú börn og eru börnin á yngsta stigi strákar í 1. og 3. bekk í grunnskóla B. Yngri strákurinn tekur þátt í frístundastarfi skólans alla daga til kl. 15.00 eða 16.00. Sá eldri tekur ekki lengur þátt, finnst hann vera orðinn of gamall, og vill frekar fara heim til sín eða til vina sinna. Yngri strákurinn æfir fimleika og sá eldri æfir karate, sund og blokkflautu. Bæði eru þau háskólamenntuð í fullri vinnu.

Börn þátttakenda voru 11 talsins. Átta börn úr grunnskóla A og þrjú börn úr grunnskóla B. Þrjú börn voru í 1. bekk, tvö í 2. bekk, fjögur í 3. bekk og tvö í 4. bekk. Strákar voru alls sjö og stelpur fjórar. Allir nema einn strákur í 3. bekk tóku þátt í frístundastarfi skólans þar sem sjö börn voru alla daga en þrjú börn voru ekki alla daga. Allir stunduðu íþróttir nema einn strákur í 1. bekk. Fimm börn stunduðu einungis eina íþrótt en sex þeirra stunduðu fleiri en eina.

3.4 Greining gagna

Mikilvægt er að greina gögnin vandlega og skiptir það miklu máli upp á gæði rannsóknarinnar (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 222). Í byrjun viðtals skráði höfundur byrjunar- og lokatíma. Viðtölin voru tekin upp með leyfi þátttakanda en þrátt fyrir að þau séu tekin upp er mælt með að rannsakendur skrifi meira en minna hjá sér ef einhverjar vangaveltur koma upp meðan á viðtali við viðmælanda stendur. Því alltaf er hættu á að einhverjar vangaveltur gleymist um leið og næsta viðtal er tekið. Eftir viðtalið er nauðsynlegt að íhuga það vel og skrifa niður hugleiðingar rannsakanda sem kviknuðu meðan á viðtalinu stóð, hvernig honum fannst það ganga og hvort eitthvað óvænt hefði komið upp. Næst er að skrifa það upp orðrétt í tölvu á meðan það er enn ferskt í minni (Helga Jónsdóttir, 2013, bls. 148).

Í greiningunni sjálfri þemagreindi höfundur viðtölin og fékk á þann hátt skýrari mynd af því sem kom fram hjá hverjum þátttakanda fyrir sig. Höfundur byrjaði á því að kóða orð (e. *code words*) og áður hafði hann fyrst lesið textann vel yfir (Lichtman, 2013, bls. 248). Þannig komst hann að því hvað var líkt og hvað var ólíkt í svörum þátttakenda. Lichtman (2013) hefur flokkað úrvinnsluferlið niður í þrjú þrep: kóða, þema og meginþema (*The three Cs of data analysis: Codes, categories, and concepts*). Meginþemun í lokin mega ekki vera fleiri en fimm til sjö, jafnvel færri, því það er betra að vera með færri vel þróaðar hugmyndir heldur en margar lauslega skapaðar (Lichtman, 2013, bls. 251 – 255).

3.5 Siðfræðileg atriði

Þegar viðhorf manna eru til athugunar þarf að huga að mörgum þáttum svo rétt sé farið að og áreiðanleg niðurstaða náist. Lichtman (2013) setur fram nokkrar meginreglur sem gott er að hafa í huga við gerð rannsókna en þær eru eftirfarandi: Í upphafi þarf að varast að ganga ekki nærri persónulegum högum þátttakenda rannsóknarinnar. Þetta á oftast við þegar verið er að rannsaka til dæmis lyf en rannsóknin sem höfundur hyggst framkvæma ætti ekki að skaða þátttakendur. Persónuupplýsingar, nafnleynd og trúnaður eru mjög mikilvæg atriði í rannsókn en ekki ætti að vera hægt að greina hverjir þátttakendur rannsóknarinnar eru út frá gögnunum sem aflað er. Ef það er eitthvað sem rannsakandi hyggst opinbera verður hann fyrst að fá leyfi frá þátttakanda. Það er á ábyrgð rannsakandans að gæta fyllsta trúnaðar í meðferðum þeirra gagna sem hann aflar sér og það ætti alls ekki að deila þeim með öðrum aðila nema með leyfi frá þátttakanda. Mikilvægt er að fá upplýst samþykki hans en hann á rétt á að vita markmið

rannsóknarinnar og út frá þeim getur hann tekið ákvörðun um hvort hann vilji taka þátt í henni eða ekki (Lichtman, 2013, bls. 61).

Mikilvægt er að upplýsa alla viðmælendur um hversu langan tíma rannsóknin muni taka og gott er að áætla það fyrirfram en í þessari rannsókn er áætlaður tími sem hver þátttakandi veitir um 30 – 60 mínútur og voru viðmælendur upplýstir um þann tíma fyrirfram. Í upphafi hvers viðtals fékk viðmælandi bréf um tilgang rannsóknarinnar þar sem einnig kom fram að trúnaðar og nafnleyndar yrði gætt. Þátttakandi átti rétt á að draga sig út úr rannsókninni á hvaða stigi sem var án þess að tilgreina ástæðu fyrir úrsögninni. Þeim var gerð grein fyrir því að upptökunni yrði eytt eftir notkun hennar. Allir þátttakendur undirrituðu bréfið og samþykktu þannig allt sem í bréfinu stóð, og þá gat viðtalið hafist (Viðauki B). Rannsakandi skapaði samband á milli sín og þátttakandans í því skyni að afla sér upplýsinga frá honum. Það bar að varast að þetta samband myndi þróast út í vináttusamband en það hefði getað haft áhrif á greiningu gagna. Sambandið á milli rannsakanda og viðmælanda á að vera viðeigandi og formlegt og varast á óviðeigandi hegðun. Hvernig rannsakandinn túlkar gögnin sín skiptir einnig miklu máli í eigindlegum rannsóknum en þar er mikilvægt að varast að mistúlka svör þátttakanda. Að lokum skiptir máli við útgáfu rannsóknar hver eigi réttinn að henni og er misjafnt hvort þá er einungis átt við rannsakandann sjálfan eða einnig þátttakendur (Lichtman, 2013, bls. 52 – 55). Það er margt sem huga þarf að við gerð rannsóknar sem tengist lífi annarra og telur höfundur að sú meginregla hafi aðstoðað hann við framkvæmd þessarar rannsóknar. Það eina sem höfundur vill áréttta er mikilvægi þess að sótt hafi verið um leyfi frá Persónuvernd um vinnslu persónuupplýsinga til að framkvæmd rannsóknar gæti hafist og var það gert áður en viðtölin fóru fram (Viðauki D).

3.6 Réttmæti og áreiðanleiki í eigindlegum rannsóknum

Hvort nota eigi eigindlega aðferð við að rannsaka ákveðið efni fer eftir því hverju er verið að leitast eftir. Þar sem höfundur rannsakar viðhorf foreldra í gegnum eigindleg viðtöl var hann í miklum samskiptum við fólk og er mikilvægt að hann sem rannsakandi sé heiðarlegur, trúr viðmælendum sínum og sé nákvæmur í vinnubrögðum. Á þann hátt tryggir hann að niðurstöður séu sem réttmætastar (Helga Jónsdóttir, 2013, bls. 149). Að mati Helgu Jónsdóttur (2013) er mikilvægt að rannsakandinn dragi saman það sem fram kom í viðtalinu til að athuga hvort hann hafi túlkað svör viðmælanda sinna rétt. Með þessu er verið að tryggja enn frekar réttmæti rannsóknargagnanna (bls. 148).

Þegar eigindlegar rannsóknir hófust voru ekki allir sammála um að þær uppfylltu sömu kröfur og meginlegar aðferðir. Þess vegna eru eigindlegar rannsóknir metnar út

frá öðrum mælikvörðum (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 211). Með því að framkvæma rannsókn er leitast eftir að svara ákveðinni spurningu og ef næst að svara þeirri spurningu á réttan hátt þá er rannsókn okkar talin réttmæt en ef það tekst hins vegar ekki og aðrir rannsakendur komast að annarri niðurstöðu út frá sömu spurningu þá er rannsóknin ekki talin réttmæt (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 212 og 219). Réttmæti eigindlegra rannsókna er metið út frá öðrum forsendum en tölfræði og skipta rannsóknarniðurstöðurnar miklu máli. Ef rannsókn á að vera áreiðanleg þarf að athuga hverjar líkur séu á að sömu niðurstöður náist ef rannsókn yrði endurtekin. Eigindlegar rannsóknir eru oftast gerðar til að lýsa einstökum tilvikum og þá er ekki hægt að alhæfa um að það sé hægt að fá fram sömu niðurstöðu ef rannsókn yrði endurtekin. Því skiptir miklu máli að textinn sé trúverðugur og mikilvægt er að styðjast við rannsóknargögnin og aðrar rannsóknir sem stuðla að því sama. Áreiðanleikinn í þessari rannsókn verður meðal annars sá að sami rannsakandi mun taka öll viðtölin og skrá niður niðurstöðurnar en það jafngildir því að tækið sem notað verður sé hið sama. Með því að taka eigindleg viðtöl verða rannsóknargögnin túlkun rannsakandans. Hann er alls ekki hlutlaus í eigindlegum rannsóknum og því byggjast gæði rannsóknarinnar mikið á persónu hans, nákvæmni í vinnubrögðum og hversu þjálfaður hann er sem rannsakandi (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 216 – 221; Þuríður Jóhannsdóttir, 2009). Ef rannsakandi í eigindlegri rannsókn er meðvitaður um rannsóknarferlið og allt sem því tengist þá ætti rannsóknin að vera réttmæt. Hvernig gagnasöfnunin, gagnagreiningin og framsetningin á niðurstöðunum er unnin og sett fram er mjög mikilvægt, en með vönduðum vinnubrögðum er sýnt fram á réttmæti þeirra og rannsóknarinnar í heild sinni (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 222 – 225).

4 Niðurstöður

Tilgangur rannsóknarinnar var að fá betri innsýn í skoðanir foreldra á heimanámi ásamt því að komast að því hver viðhorf þeirra væru gagnvart heimanámi sem sett er fyrir í grunnskóla barna þeirra og var það gert með eigindlegri rannsókn. Við úrvinnslu gagna komu í ljós fjögur meginþemu og notast var við þau þegar skipt var í kafla hér í niðurstöðum. Má þar fyrst nefna skilgreiningu foreldra á heimanámi og tilgangi þess. Næst á eftir er kafli um núverandi stöðu þess og á eftir honum var fjallað um hver óskastaða foreldra væri í sambandi við heimanám. Að lokum er kafli um mikilvægi heimanáms og þar kemur fram hvort foreldrar telji það eiga við á yngsta stigi grunnskóla.

Átta foreldrar af ellefu voru hlyntir heimanámi á yngsta stigi grunnskóla, hjá einu barni gekk það ekkert sérstaklega vel en hjá hinum gekk það frekar eða mjög vel. Flestir foreldrarnir lögðu áherslu á að börnin fengju heimavinnu meðal annars til að þeir gætu fylgst betur með vinnu þeirra í skólanum. Einnig vildu þeir leggja grunninn að góðum námsvenjum í framtíðinni þegar kæmi að þeim tímapunkti að börnin þyrftu að læra heima. Að þeirra mati var betra að byrja fyrr en seinna að kenna þessi grunnatriði í námi. Þrír foreldrar töldu að ekki væri þörf á heimanámi á yngsta stigi grunnskóla. Hjá tveimur þeirra gekk heimanámið mjög vel en að sama skapi væri það ekki sanngjarnt út frá jafnréttissjónarmiði, það er ef haft var í huga að sum fá aðstoð heima en önnur ekki. Þriðja foreldrið vildi ekkert heimanám því upplifunin af heimanámi væri ekki góð og gengi sú vinna ekki vel og taldi jafnframt að alltof mikill tími færi í heimanámið sem mætti betur nýta í aðrar uppbyggjandi athafnir.

4.1 Skilgreining heimanáms og tilgangur þess

Foreldrar voru beðnir um að skilgreina heimanám. Skilgreining þeirra var öll á sama veg eða að um ákveðin verkefni væri að ræða sem kennarinn legði fyrir börnin og sem þeim væri ætlað að vinna heima fyrir og klára innan tiltekins tíma. Sigrún, Karítas og Anna voru allar sammála um að heimalesturinn væri mikilvægastur á yngsta stigi grunnskóla. Karítas fannst heimanám á yngsta stigi ætti að miðast við síendurtekið efni og taldi að lestrarþjálfun væri mikilvægasti þáttur náms á þessu stigi. Hildur og Sigurður eru hjón og voru þau sammála um að heimanám á yngsta stigi ætti ekki að snúast um löng verkefni og hafði Hildur þetta að segja:

„Verkefni, bara lítil verkefni, sem þú þarft að setjast niður heima hjá þér og vinna með aðstoð foreldris yfirleitt...frekar stutt verkefni af því að þau eru náttúrulega lítil, hafa ekki langt úthald.“

Sigrúnu fannst stundum hægara sagt en gert að finna tíma til að setjast niður og vinna heimanámið með barninu. Hún hafði kynnt sér rannsóknir því tengdu og komist að því að það bætti ekki námsárangur nemenda á yngsta stigi. Skoðanir hennar voru ef til vill litaðar af þeim niðurstöðum:

„...að bara koma einhvern veginn heim klukkan fimm þegar allir eru þreyttir og litlu systkinin eru fyrir þér og það er verið að elda matinn og það er einhvern veginn ekkert grín að bara svona að finna góðan tíma til þess að setjast og einbeita sér í hálf tíma og skrifa. Mér fyndist alveg fínt að þau myndu bara gera það í skólanum og það eru rannsóknir sem maður hefur skoðað alla vega, og þá finnst mér allt benda til þess að þetta sé ekki að bæta neinu við, þannig að af hverju erum við þá að leggja þetta á þau? og alla einhvern veginn.“

Hjá Önnu, Sigrúnu og Karítas komu tvö sjónarmið í ljós sem tengdust heimalestri barna og hvort hann væri talinn með sem hluti af heimanámi. Hjá Önnu og Karítas var hann skilgreindur sem heimanám en hjá Sigrúnu var hann ekki hluti af heimanáminu:

„Mér finnst einhvern veginn allt annað en lestur teljast vera heimanám ...lesturinn einhvern veginn hugsa ég utan heimanáms kassans kannski því mér finnst heimanámið í grunninn ekki vera málið en mér finnst mjög eðlilegt að þú lesir á hverjum degi.“

Þegar skoðað var hver tilgangurinn væri með heimanámi töldu foreldrar á yngsta stigi grunnskóla að aðaltilgangur með því væri að auka tækifæri til að fylgjast aðeins með hvað barnið þeirra væri að gera í skólanum og sýna því áhuga. Kristján hafði þetta að segja:

„Mér finnst að maður veit aðeins hvað barnið er að læra í skólanum og getur fylgst með því og maður getur svona sýnt því áhuga og látið hann finna að hérna maður hefur gaman af því hvað hann er að gera og náttúrulega svona að fá að vera með í þessu...heimalærdómurinn er fín tenging og fær mann til að bera smá ábyrgð á þessu, auðvitað væri þægilegt að geta sagt „skólinn ber ábyrgð á þessu“ en við höfum líka einhverju hlutverki að gegna í þessu.“

Mikilvægt var fyrir foreldra að vera vakandi yfir því hvernig barninu þeirra gengi í skólanum og heimanám væri ágætis leið til að fylgjast með því. María sagði í því sambandi frá móður sem átti barn í skóla þar sem ekkert heimanám væri til staðar og hún hefði því enga hugmynd um stöðu barnsins í námi:

„Mamman ótrúlega fúl yfir því að það hafi ekki verið gripið fyrr í taumana og hún látin vita að barninu gengi ekki nógu vel, sem er kannski svolítið á ábyrgð hennar að fylgjast með líka og þú sérð það alveg, eins og við sáum það alveg með þennan elsta hann átti erfiðara með þetta en þá þurfti líka kannski að veita honum aðeins aðhald.“

Heimanámið veitti Maríu tækifæri til að aðstoða barnið sitt í þeim fögum sem reyndust erfið. Um var að ræða eins konar einkakennslu. Heimanám hjálpaði því þeim börnum sem ekki næðu að fylgjast nægilega vel með í tímum þegar um fjölmenna bekki væri að ræða. Ólíkt öðrum foreldrum taldi Helga að með heimanámi gæfist henni tækifæri til að kenna stráknum sínum aðrar námsaðferðir heldur en hann lærði í skólanum, því oft hentuðu þær aðferðir honum ekki.

Annar helsti tilgangur heimanáms á yngsta stigi að mati foreldranna var að þar lærðu börnin grunnatriði í námi og að tileinka sér góðar námsvenjur. Helga sagði í þessu sambandi frá þeirri aðstoð sem hún hefði veitt frænkum sínum í stærðfræði í menntaskóla. Þær þurftu á aðstoð að halda af því þær höfðu ekki náð að tileinka sér grunnatriði í stærðfræði, eins og að margfalda, og hafði það slæmar afleiðingar fyrir skólagöngu þeirra:

„Þessi grunnatriði virkilega þurfa að koma fram og það er best að læra það á yngsta stigi...ég hugsa mest um þessar frænkur mínar, þær eiga foreldra sem eru ekki eins menntuð, leggja kannski ekki eins mikla áherslu og þá kunna krakkarnir ekki að læra og maður þurfti eiginlega að hjálpa þeim miklu fyrr heldur en það sem við gerðum. Með einni þurftum við að taka stærðfræðina alveg frá grunni næstum því, þú veist hún kunni varla margföldunartöfluna svona 14/15 ára. Þetta er of seint fyrir það, þá áttu rosalega erfitt með allt hitt sem á eftir kemur, þannig að ég myndi leggja mikla áherslu á grunninn.“

Helga fjallaði um menntun foreldra í þessu sambandi og hvernig hún gæti haft áhrif á nám barnanna. Flestir foreldrar töluðu hins vegar um að á yngsta stigi grunnskóla skipti menntun foreldra ekki miklu máli. En á seinni stigum náms gæti sú grunnþekking hins vegar haft áhrif þegar barnið væri lengra komið í námi. Flestir foreldrarnir voru líka

sammála um að menntun foreldra gæti skipt sköpum í sambandi við metnað þeirra eða sem hvatning fyrir börnin til áframhaldandi náms. Sigurður hafði þetta að segja:

„Ekki með getu foreldra að aðstoða en kannski frekar metnað þeirra við að sinna því hugsa ég. Þú þarft ekkert háskólagráðu til að klára fyrstu fjóra bekkina í stærðfræði þetta er ekkert flókið þannig...þetta er svona að maður átti sig á hvað menntun þýðir og til hvers hún er.“

Nokkrir foreldranna nefndu að bakgrunnur þeirra gæti kannski haft meiri áhrif heldur en menntun þeirra. Foreldrar af erlendum uppruna gætu til dæmis kannski ekki aðstoðað barnið sitt við heimanámið þrátt fyrir góða menntun. Helga hafði þetta að segja um menntun foreldra:

„Ég held að það skipti líka miklu máli upp á forgangsröðun. Það að menntun er mikilvæg hjá þeim sem eru vel menntaðir...ef að báðir foreldrar eru af erlendum uppruna, eiga þau kannski erfiðara með að skilja spurningarnar, jafnvel fyrir stærðfræði þó það sé kannski eitthvað einfalt dæmi en að geta hjálpað stærðfræðilega séð og skilja ef til vill ekki spurninguna því það er orðadæmi.“

Arna, Sigurður og Hildur töldu tilganginn með heimanámi einnig vera þann að kenna barninu mikilvægi þess að setjast niður og læra heima því það skipti máli upp á framtíðina. Arna hafði þetta að segja:

„Þetta er bara eitthvað sem verður að fá að fylgja þeim því það bætist alltaf bara vinna ofan á af því að ég vil meina það ef það er ekki heimavinna í grunnskóla að þá verður þetta svo hryllilega mikil viðbrigði fyrir þau þegar þau eru komin upp í framhaldsskóla...þetta er náttúrulega eitthvað sem þú þarft að taka með þér inn í framtíðina í framhaldsskóla og háskóla.“

Anna og Sigrún sáu ekki tilganginn með heimanámi því það mismunaði börnum. Anna hafði þetta að segja:

„Ég sé ekki alveg tilganginn með heimanámi lengur, finnst það bara svolítið óþarfi en samt á mínu heimili gengur það vel en ég kannski litast af því að ég veit það á svo mörgum heimilum þá gengur heimanámið ekki vel það er bara ströggil og barátta.“

Sigrún sagði:

„Hugsandi um ákveðna nemendur þar sem ég veit bara að stuðningurinn heima fyrir er ekki neinn og hæfni foreldra er ekki mikið til staðar og kannski tungumálakunnáttan ekki heldur þannig að þú veist það hlýtur að vera rosalega sárt fyrir þá krakka. Þannig að tilgangurinn er rosalega mismunandi væntanlega eftir stuðningi foreldra og eftir hversu „capable“ þau eru um að styðja við krakkana og gefa þeim tíma og bara hvort þau skilji verkefni og ráði við þetta allt saman. Þannig að þó tilgangurinn sé kannski og hugmyndin falleg þá finnst mér það kannski ekki alveg ganga upp.“

Sigrún og Anna hugsuðu meira um tilganginn út frá nemendum sem fengu ekki stuðning frá foreldrum og þá væri tilgangur heimanáms ekki mikill. Heimanám gæti verið notaleg stund fyrir foreldra og barn en þessi stund gæti líka valdið álagi og streitu og þá töldu þær að það væri hugsanlega betra að sleppa því. Þar sem heimalestur gaf foreldrum einnig tækifæri til notalegrar samveru með barninu sínu töldu þær, ásamt Karítas, hann vera nægjanlegan á yngsta stigi grunnskóla.

Anna talaði um þessa samverustund sem fylgdi heimanáminu og að mikilvægt væri að foreldrið sýndi barninu áhuga og því sem það væri að gera. Þar skipti máli að foreldrið veitti barninu athygli, en væri til dæmis ekki í símanum á meðan. Anna taldi þessa stund líka geta farið út í andhverfu sína þar sem heimanámið yrði þá ströggil fyrir barnið og það fyndi ekki fyrir hvöt hjá sér til að klára heimavinnuna eða hefði ekki getuna til að ljúka henni og því gæti fylgt neikvæðar tilfinningar. En að mati Önnu skapast þessi góða samverustund líka við lesturinn. Sigrún vildi að þessi stund snerist um rólegheit þar sem fjölskyldan væri samankomin frekar en að áhersla væri lögð á meiri lærdóm en þegar hefði verið gert í skólanum. Sigrún taldi að lengja ætti frekar skólann um hálf tíma til þess að ljúka verkefnunum, sér í lagi ef um mikilvæg verkefni væri að ræða heldur en að börnin ynnu þau heima seint á kvöldin þegar allir væru orðnir þreyttir:

„...ertu þá ekki bara búin í skólanum. Búin að vera þarna í marga klukkutíma, búin að æfa þig, búin að gera góða hluti þú veist af hverju þarftu þá endilega að fara heim og gera þetta aukaverkefni, af hverju getum við ekki bara haft það í skólanum daginn eftir? Þú veist ég væri frekar til í ef út í það væri farið að lengja skólann um hálf tíma og taka auka heimaverkefni í lok skólans þar sem allir eru í skólanum saman og fá stuðning frá kennaranum heldur en að taka verkefni heim. Skólinn er búinn hálf tvö af hverju ekki bara að hafa hann

til tvö? Þau eru von að vera allan daginn hvort sem er þannig að mér fyndist það bara besta tillagan.“

Karítas sá ekki tilganginn með heimanámi og taldi að hagsmunir barnsins væru ekki hafðir að leiðarljósi í því sambandi heldur væri það hugsað út frá hagsmunum foreldranna. Að hennar mati skiptu þarfir dóttur hennar meira máli því heimavinnan gengi ekki vel á þeirra heimili:

„Það eru foreldrar sem leggja mikið upp úr því að barnið fái heimanám og þetta liggur í metnaði foreldra meira heldur en þörf barnsins. Þannig að ég horfi meira á þörf hennar.“

4.2 Núverandi staða heimanáms

Í þessum kafla koma fram nokkur viðfangsefni sem rætt var um í viðtölunum og út frá þeim er hægt að átta sig betur á hvernig heimanámi er háttað í grunnskólum A og B.

4.2.1 Heimanám barna í grunnskóla A og B

Heimanámi er svipað háttað í grunnskólum A og B en í grunnskóla B er þó ekki eins mikil áhersla lögð á það. Hildur og Sigurður eiga tvo stráka á yngsta stigi í grunnskóla B, annan í 1. bekk og hinn í 3. bekk. Yngri sonurinn fær vikuleg verkefni með sér heim en sá eldri hafði eiginlega ekki fengið neitt heimanám með sér allan veturinn. Hann fékk einungis niðurstöður úr prófum en þá gafst tækifæri fyrir foreldra að fara yfir svör barnanna með þeim. Foreldrunum fannst þetta fyrirkomulag hálfbagalegt og töldu þeir að það ætti að vera meira heimanám í 3. bekk. Helga sem á strák í 4. bekk í grunnskóla A taldi að heimanámið mætti vera meira, þrátt fyrir að drengurinn hennar ætti í erfiðleikum með það og væri mjög neikvæður gagnvart því:

„Okkar barn er erfitt hvað þetta varðar og hann tekur mjög langan tíma í að koma sér í gang og einhver verkefni sem maður heldur ætti að taka hann einhvern hálf tíma tekur honum tvo tíma þannig að þetta getur verið erfitt en hann þarf bara að læra á því.“

Allar lýsingar á heimanáminu voru svipaðar. Börnin fengu öll bæði stærðfræði- og íslensku- eða skrifstarverkefni með sér heim einu sinni í viku þar sem skipst var á að senda verkefni þessara faggreina með heim aðra hverja viku. Dæmigert heimanám hjá þessum börnum var allt mjög svipað. Að mestu leyti var áherslan lögð á eingöngu bóklegar æfingar. Stundum var unnið í Sprotabók en nemendur fengu einnig ljósrituð hefti eða

blöð með sér heim til að vinna í. Skrifstarverkefni átti yfirleitt að gera í stílabók sem nemendur áttu. Áhersla á lestur var alla daga hjá öllum börnunum og voru foreldrar vel upplýstir og meðvitaðir um það viðmið. Annað heimanám fengu foreldrarnir upplýsingar um í gegnum tölvupóst, Mentor eða að blað kom heim með barninu með leiðbeiningum því tengdu. Foreldrar töldu samskipti sín við kennara vera góð en þau væru ekki mikil hvað viðkemur heimanámi. Allir voru þeir sammála um að heimaverkefnið væru ákveðin af kennaranum og væri um að ræða ákveðinn pakka sem lagður væri fyrir allan hópinn í heild. Karítas hafði þetta að segja um heimanámið sem börnin fengu með sér heim:

„Það er ekki haft að leiðarljósi hvað nemandinn þarf, á hverju þarf nemandinn að halda. Það er ekki, þó það sé gert ráð fyrir einstaklingsmiðuðu námi að þá er það meira á blaði heldur en í verki.“

Kristján telur að heimanámið megi vera aðeins áhugaverðara til að vekja áhuga hjá nemendum.

„Það er ekki verið að reyna mikið á ímyndunaraflið eða neitt svoleiðis... kannski mætti vera lögð meiri áhersla á tjáningu eða virka ímyndunaraflið eða eitthvað svoleiðis.“

Hildur hafði þetta að segja um dæmigert heimanám í grunnskóla B:

„Dæmigert heimanám, það er stærðfræðiblöð bara úr Sprota eða einhver ljósrituð verkefni sem að tengjast því og svo er það að skrifa sögur þú veist þá fá þau með fyrirfram gefnu efni.“

Flestir foreldrarnir töluðu á þann veg að þau næðu ekki að hugsa um heimalærdóm barna sinna fyrr en að kvöldi dags, þar sem allur dagurinn væri undirlagður fyrir tólmstundir og íþróttir. Stundum gafst ekki tími fyrr en eftir kvöldmat þar sem margt væri í gangi þegar foreldrar kæmu heim úr vinnunni og hjá börnunum líka. Eða eins og Halldór sagði:

„Þá skiptir miklu máli að það sé ekki það mikið heimanám á yngri stigum að það stressi barnið upp og það upplifi sig eins og það geti þetta ekki og nái ekki að klára það sem þau eiga að gera, það er kannski þessi gullni „balance“ í þessu.“

Helgarnar voru alltaf taldar með vinnuviku nemenda. Karítas var sú eina sem var ekki tilbúin að nýta helgarnar til þess að sinna heimanáminu á meðan flestir foreldrarnir voru þakklátir fyrir að hafa svigrúm fyrir það um helgar. Ástæðan var sú að á virkum dögum voru börnin svo upptekin í öðru, eins og til dæmis íþróttum og tómstundum að ekki gafst nægur tími til að klára verkefnin þá. Karítas, ólíkt Helgu, en börnin þeirra voru í grunnskóla A, var ekki sátt við þessa miklu heimavinnu sem dóttir hennar þurfti að inna af hendi og hún taldi hana vera mikla kvöð:

„...áherslur eru gríðarlega miklar á heimanám og það er önnur hver vika fjórar blaðsíður í stærðfræði í 2. bekk, önnur hver vika tvær blaðsíður í skrift og síðan lestur á hverjum einasta degi og mér finnst þetta mikið, mér finnst þetta allt of mikið.“

Þrátt fyrir að nemendur á yngsta stigi í grunnskóla A og B fengju um viku til að skila heimanáminu aftur til kennarans, þá töldu margir foreldrar sig upplifa tímaþröng þegar kom að því að finna tíma til að vinna það. Samtímis töldu þó þeir foreldrar að tímaþröngin ætti ekki að verða þess valdandi að heimanám væri ekki til staðar á yngsta stigi. Kristján hafði þetta að segja:

„...og þú hefur viku til að gera þetta og vill maður oft reyna að gera það, þetta kemur til dæmis kannski á þriðjudegi, eitthvað svoleiðis og þá vill maður nota helgina gera smá á föstudag, smá á laugardag og smá á sunnudag þannig að þetta er svona tvískipt, og mér finnst þetta bara fínt sko, þó að þetta sé nú alltaf eitthvað ströggil en það væri eiginlega verra eða ég myndi sakna þess ef það væri ekkert heimanám sko.“

Halldór var einn þeirra sem fannst að þótt einhverju barni gengi illa með heimanámið ætti það ekki að vera ástæða þess að það væri ekkert heimanám fyrir hendi í skólanum. Heldur ætti frekar að finna einhverja úrlausn handa því barni:

„...mér finnst að það eigi ekki að vera stefnumörkun að ekkert heimanám sé í skólunum...ég held að það væri verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minnið ef að það væri útgangspunktur...kennarinn áttar sig best á því með börn í sínum bekk hvernig aðstæður liggja og getur þá verið á vaktinni yfir því að hjálpa þeim sem þess þurfa.“

Viðhorf Kristjáns til heimanáms var að það ætti að vera þáttur daglegs lífs og eitt af því sem börnin þyrftu að inna af hendi:

„...mjög oft er þetta bara hluti af því sem að þarf að gera, bara nánast eins og að fara út í búð til að elda matinn, setja í vél. Þetta er bara einn hlutur af þessum pakka sem fer í gang á milli fjögur og átta á daginn. Bara hluti af svona skyldunum sem þarf að klára.“

4.2.2 Heimanámsaðstaða, tími og aðstoð frá foreldrum

Sigrún var sú eina sem tók fram að samkvæmt tilmælum frá skólanum ættu börn að sitja við skrifborð og vinna heimanámið sitt, en oftast væri því ekki þannig háttað. Heimanámið væri yfirleitt unnið við eldhús- eða stofuborðið. Því þar gæti foreldrið og barnið komið sér vel fyrir og haft meira pláss og oftast en ekki þyrftu foreldrar að sinna öðrum heimilisstörfum á sama tíma. Hjá Maríu, Hildi og Sigurði voru börnin þeirra einnig með aðstöðu inni í herbergjunum sínum til að læra, þar gátu þau lokað sig af og fengið ró og næði til að sinna lærdóminum:

Heimalesturinn var á hverju kvöldi í um það bil 15 mínútur. Hjá flestum tók heimanámið, sem lagt var fyrir einu sinni í viku, börnin þeirra um 15 – 30 mínútur að klára, fór eftir verkefnum. Þeir foreldrar sem áttu drengi voru sammála um að skriftarverkefni væru þau verkefni sem tóku hvað lengstan tíma. Vikulegu verkefni hjá dóttur Karítasar og syni Helgu tók þau allt að einn og hálfan til tvo klukkutíma samanlagt í hverri viku. Þetta töldu Helga og Karítas vera alltof langan tíma. Staðan hjá Helgu var svolítið frábrugðin stöðu hinna því drengurinn hennar var ekki með viljann til að læra heima og átti því mjög erfitt með það. Helga hafði þetta að segja um heimanámið hjá sínum dreng:

„Okkar barn er erfiður hvað þetta varðar og það tekur hann mjög langan tíma að koma sér í gang og einhver verkefni sem maður heldur að ættu að taka hann einhvern hálf tíma tekur hann tvo tíma þannig að þetta getur verið erfitt en hann þarf bara að læra á því...þannig að viðhorf hans er mjög slæmt. En ég held að það væri ekki eins slæmt ef að hann myndi bara koma sér í gang og gera þetta, klára málið, þá myndi þetta ekki vera svo slæmt...sumt af þessu er leiðinlegt en maður þarf að gera þetta.“

Heimanám hjá syni Maríu var eins og flestir þátttakendur myndu kjósa að hafa það á sínum heimilum:

„Hann fær heimanámið á þriðjudegi og hann gerir það alltaf á þriðjudegi, pakkann, og hann gerir það meira að segja áður en við komum heim úr vinnunni og svo förum við bara yfir það og ef hann hefur lent í vandræðum

með eitthvað þá leysum við það bara á þriðjudegi eða kíkjum á það á miðvikudegi. Ef það er mikið að gera en lesturinn erum við bara, reynum að gera það þegar maður kemur heim en hann er oft með vini en þá er það bara gert í kringum kvöldmatinn oft þegar við erum að elda þá situr hann og er að lesa fyrir okkur.“

María tók heimanámið fram yfir önnur verkefni og taldi að þetta væri eitt af þeim verkefnum sem yrði að gera. Hún og mæður vina sonar hennar voru með samning sín á milli að vinirnir mættu ekki leika saman fyrr en að heimanámi loknu, en eftir það hefði það gengið áfallalaust fyrir sig. Kristján og Jóhanna töluðu einmitt um að þau myndu vilja sjá svona heimanámskerfi í samráði við foreldra vina barna þeirra. Þar sem strákarnir þeirra og vinir myndu annaðhvort skiptast á að fara heim hver til annars og læra saman, áður en önnur verkefni tækju við eða að hver og einn myndi læra út af fyrir sig áður en þeir hittust. Hjá Örnunni, og fleiri foreldrum, reyndu foreldrarnir að fá börnin til að sinna heimanáminu sem fyrst, en það tókst ekki alltaf. Arna hafði þetta að segja:

„Þú veist ég reyni að fá hana til að gera þetta á mánudegi eða þriðjudegi en það er bara alltaf svo nóg að gera hjá henni hún kannski bara nennir þessu ekkert þá, og ég hef svo fullan skilning á því út af því hún er með brjáláða dagskrá. En svo þegar hún sest niður þá er það ekkert vandamál...hún veit bara að hún þarf að gera þetta og þetta er bara gert. Það verður enginn pirraður hvorki ég né barnið það er bara „jæja nú þurfum við að setjast niður og gera heimalærdóminn“ og það er bara sest niður og hún bara lærir og ég sit hjá henni og fylgist með.“

Þegar kemur að því að aðstoða barnið við heimanámið voru foreldrarnir frekar sammála um að aðstoðin skiptist jafnt á milli þeirra, en oftar en ekki voru það mæðurnar sem aðstoðuðu börnin við íslenskuna og feðurnir tóku að sér stærðfræðina. Flestir foreldrarnir sögðu að það gengi vel eða mjög vel að aðstoða barnið við heimanámið, nema hjá Helgu og Karítas þar sem börnin þeirra upplifðu óánægju gagnvart heimanáminu. Helga hafði þetta að segja:

„Það gengur frekar illa. Hann eiginlega neitar að hlusta á okkur. Þegar við gefum honum ráð um að bara, „já þú veist svarið, skrifaðu bara töluna þú kannt að gera það“. Hann segir „ugh“ og rúllar augunum svo það gengur illa að fá hann til að hlusta á ráð frá okkur. Kannski algengt við foreldra að það sé ekki hlustað á foreldrana, en já það gengur frekar illa.“

Í upphafi taldi Sigrún að aðstoð við heimanámið væri skipt jafnt á milli þeirra foreldranna en þegar hún hugsaði sig frekar um taldi hún að maðurinn hennar aðstoðaði stúlkuna meira við vikulegu verkefni. Karítas aðstoðaði barnið sitt oftast og gekk það upp og niður, þar sem heimanámið olli togstreitu á þeirra heimili. Dóttir hennar var þreytt eftir daginn og því taldi hún að heimalesturinn væri alveg nóg verkefni. Karítas sagði þetta um hlutverk foreldra gagnvart heimanáminu:

„Ég er orðin í rauninni kennarinn líka heima og auðvitað á foreldri að taka þátt í menntun barna að því leyti til að halda því við efnið en þegar við erum farin að vinna efnið eins og kennarar heima, þá set ég spurningu við það.“

Flestir foreldrar voru sammála um að aðalókostur við heimanámið væri tímaleysi, þar sem stundum væri enginn tími eftir, þrátt fyrir að verkefni ættu ekki að taka langan tíma. María taldi að tímaþröng ætti ekki að verða þess valdandi að heimanám yrði kvöð fyrir fjölskylduna:

„Ef þú ert alltaf að gera það kvöldið fyrir skil og það er ótrúlega mikið þú að þá þarftu kannski sem foreldri að hugsa, “ok við þurfum að finna annað fyrirkomulag.“

Ólíkt Maríu hafði Sigrún þetta að segja um tímaþröngina sem skapaðist oft í kringum heimanámið:

„...það er bara ótrúlega flókið að finna 20 mínútur á hverjum einasta degi en þegar maður finnur þessar 20 mínútur til að sýna þeim athygli og til að tala við þau og til að hitta þau og til þess að lesa og til þess að þú veist, þannig að þetta einhvern veginn það er bara lúmskt erfitt að bæta þessum 20 mínútum ofan á það, þú veist, mér finnst það frekar vera að taka af kannski hinu þannig að í staðinn fyrir að geta átt ótrúlega kósí-stund eftir mat, sem við ættum kannski annars. Þá einhvern veginn þurfum við að drífa okkur í heimalærdóminn. Þannig það er kannski svona fyrir okkur foreldrana er þetta einhvern veginn, æj kannski þínu asnalegt að segja, en er einhvern veginn svona þínu aukaálag á þessum tímum. Ekki það að það brjótist eitthvað fram en þú veist manni finnst það kannski.“

María á 18 ára strák en þegar hann var á yngsta stigi grunnskóla var heimanámið hans sett fyrir á föstudegi og átti hann að skila því til kennarans á mánudegi. Hann hafði því einungis helgina til að vinna það. Foreldrar í þessari rannsókn töluðu allir um að barnið

hefði viku til umráða til að skila heimanámi sínu til kennarans. Þannig að eini ókosturinn sem María gat hugsað sér var ef það væri sett fyrir einungis um helgar. En eins og fyrirkomulagið væri í dag, væri yfirleitt alltaf um að ræða viku í senn, sem hún taldi ekki að hefði neina ókosti í för með sér. Þetta hafði María að segja um ókosti heimanáms:

„mér finnst eiginlega ekki ókostur við heimanám...einu ókostirnir eru að kannski stundum er erfitt að finna tíma í það en mér finnst það kannski frekar að maður þurfi þá að endurskoða dagskrána hjá fjölskyldunni frekar heldur en að skólinn sé að koma með kvaðir sem við getum ekki staðið við...Þetta er kannski ábending um að forgangsraða...hann fær heimanám á þriðjudegi og á að skila því á þriðjudegi og þá er engin afsökun fyrir að hafa engan tíma...ef það væru einhverjir ókostir þá væru það skipulagsleysi í skólanum eða tímasetningum.“

Anna taldi helstu ókostina vera tímaþröng og langn vinnudag barnanna, að vera allan daginn í skólanum að sinna námi og þurfa síðan að halda áfram heima. Dóttir Karítasar var með neikvætt viðhorf til heimanáms í upphafi skólagöngu en það taldi Karítas vera mjög slæmt. Sigrún og Anna voru þær mæður sem gagnrýndu heimanám út frá aðstoðu annarra en þeirra sjálfra með tilliti til þess að það væri tengt stéttaskiptingu fólks. Á þeim forsendum að það hefðu ekki allir nemendur tök á sömu aðstoð heima fyrir, sem skapar mismunun. Sigrún og maðurinn hennar voru bæði háskólamenntuð og vel í stakk búin að aðstoða börnin sín með heimanámið en síðan væru margir aðrir foreldrar það ekki. Sigrún hafði þetta að segja:

„[barn] á foreldra sem eru algjörlega ómenntuð og vita bara ekki alveg hvernig þau eiga að hjálpa krökkunum sínum og þá hljótum við að vera að búa til bara massíft bil á milli þessara krakka bara strax, mér finnst það líka bara vera svona annað sem tengist kannski ekki fjölskylduálaginu og því öllu en mér finnst það alveg skipta miklu máli að við séum að gæta jafnræðis á milli barnanna...mér finnst það eiginlega svona aðal kannski ástæðan fyrir því að mér finnst þetta ekki skipta máli ,fyrir utan hvað ég er pirruð á þessu og krakkarnir þreyttir og eitthvað svona. En þú veist þetta hlýtur að hafa rosaleg áhrif þú veist bara mismunandi stuðningur sem þau hafa.“

4.2.3 Skilningur foreldra á viðhorfi barna til heimanáms

Umræðan um viðhorf barna til heimanáms kom til tals í viðtölunum og komu þrjú sjónarmið í ljós hjá þeim foreldrum sem vildu leggja áherslu á heimanám. Einum

stráknum fannst mikil kvöð að sinna heimaverkefnum og flestum barnanna fannst þetta ekkert skemmtilegt í byrjun en síðan lagaðist það þegar á leið, en að mati sumra var hins vegar skemmtilegt að vinna heimanámið. Kristján og Jóhanna, sem og fleiri foreldrar, stóðu sig stundum að því að segja börnum sínum að þau mættu ekki framkvæma eitthvað nema að heimavinnu lokinni en það gæti haft áhrif á viðhorf nemenda til heimanáms. Kristján hafði þetta að segja um það:

„Stundum erum við að segja “ok þú færð ekki að horfa á eitthvað fyrr en þú ert búinn með heimanámið”. Þú veist þeir eru að gera það af þessari kvöð, að þú færð ekki að gera skemmtilega hlutinn fyrr en þú ert búinn með þetta. Kannski erum við þá að „imprinta“ þetta í þá að þetta er kannski bara leiðinlegt, ég veit það ekki. En eins og ég segi það kemur fyrir að þeir vilja lesa, vilja vita hvað gerist næst í sögunni en þeim finnst þetta ekkert gaman.“

Nokkrir foreldrar sem eiga drengi nefndu að lesturinn væri það sem þeir væru minnst spenntir fyrir. María sagði þetta um drenginn sinn og hvert viðhorf hans væri til heimanáms:

„Já það er eiginlega bara hlutlaust. Hann er hvorki spenntur fyrir því né ekki. Lesturinn er oft þú veist hann nennir því ekki en hitt þá veit hann bara að hann má ekki leika fyrr en það er búið...þannig að hann hefur ekki kvartað undan því heimanámi sko en honum finnst stundum leiðinlegt að þurfa alltaf að lesa.“

Stráknum hennar Önnu fannst heimanám ekkert skemmtilegt. Að þurfa að setjast niður heima hjá sér til að vinna verkefni var ekki gaman að hans mati en þegar á leið breyttist viðmót hans. Hjá barni Önnu var sjaldan einhver togstreita eða um neikvæðar tilfinningar að ræða. Þrátt fyrir að námið gengi svona vel hjá hennar barni vakti það hins vegar upp blendnar tilfinningar hjá Önnu. Því að hennar mati var ekki lengur tilgangur með heimanáminu og taldi hún það vera óþarfa því ekki væru allir í stakk búnir að sinna því:

„...bara hérna námserfiðleikar náttúrulega oftast og hérna oftast hegðunarerfiðleikar, börnin ráða ekki við þetta og búin að fá nóg eftir langan dag búin að vera í skólanum til hálf tvö og fara þá beint í frístund og eru þar í tvo, þrjá tíma í viðbót og eiga svo að koma heim og sinna heimanámi, en stundum fer það eftir kennurum stundum er það bara allt of mikið og þau

bara springa og foreldrarnir þreyttir að koma heim úr vinnu og þetta er bara of erfitt fyrir marga.“

Anna taldi samt að það færi oft eftir kennurum hversu mikil vinna væri lögð á nemendur en hjá sumum væru kröfurnar alltof miklar. Dóttir Karítasar var gott dæmi um þetta, hér að framan kom fram, að vikulega ætti hún að klára fjórar blaðsíður í stærðfræði og tvær blaðsíður í íslensku en hún var einungis í 2. bekk. Enda var dóttir Karítasar mjög á móti heimanámi þótt lesturinn væri samt í góðu lagi. Hún væri því alveg til í að sleppa þessum aukaverkefnum sem barnið þyrfti að klára því þetta skapaði ákveðinn þrýsting á barnið. Karítas velti fyrir sér viðbrögðunum ef hennar barn skilaði ekki verkefnunum sínum, og væri eina barnið sem gerði það ekki. En nefnt var hér að framanverðu að dóttir Karítasar hefði fengið sjálf að ráða hvaða blaðsíðum hún lyki í stærðfræði. Þegar viðtalið fór fram átti þetta fyrirkomulag hjá henni að hefjast í vikunni á eftir:

„Já, núna fær hún að ráða en við erum ekki búin að fá að prufa þetta og það verður á mánudeginum vonandi, hún fær þetta yfirleitt á mánudögum og þá kemur í ljós hvernig þetta verður hjá henni en ég væri alveg til í að sleppa því samt. Ég væri alveg til í að sleppa þessum parti þurfa ekki að...af því þetta er auðvitað líka pressa af því ef hún skilar ekki sínu og allir hinir gera, hvað þá? Hvernig bregðast hinir við?“

Karítas vildi að barnið hennar þróaði með sér jákvæð viðbrögð og viðmót gagnvart skóla en eins og heimanámið væri skipulagt í hennar skóla þá væri ólíklegt að það myndi gerast. Að hennar mati væri ekki mikill aukatími aflögu fyrir barnið til að njóta þess að vera barn og leika sér:

„Ég vil miklu frekar að hún fari bara heim til vinkonu sinnar, leiki sér til klukkan sex, komi svo heim, lesi og þá er hún búin. En það er ekki hægt. Hún verður að koma heim strax eftir frístund og íþróttaiðkanir og tónlist.“

Sigrún talaði aftur á móti um að heimanám ætti ekki að vera til staðar, þó væri dóttir hennar yfirleitt mjög spennt og áhugasöm að fá að læra heima. Hún væri mjög stolt af heimanáminu sínu og vildi sýna öllum það sem hún væri að gera:

„...hún er rosa stolt og glöð og ánægð og bara finnst þetta rosa merkilegt að hafa þetta í möppunni sinni og þetta er alveg svona þínu atriði sko og sýnir öllum sko ef að amma og afi eru í heimsókn og finnst þetta mjög mikið skemmtilegt. En sömuleiðis þegar að þessir dagar koma þar sem þetta gengur

ekkert svakalega vel þá kemur bara mikil „frustration“ og það er kannski klukkutími af algjörum bömmer og vonleysi og bara ægilega erfitt...af því að maður líka gerir þetta ekki bara við matarborðið, þú veist maður þarf líka aðeins að ná ró og maður þarf að ná einhverjum svona tíma til hliðar og koma hinum litlu dýrunum út úr aðstæðunum, bróðir hennar, og þú veist þetta. Þannig að já ég hugsa að það bitni aðallega kannski á bara svefntíma hún fer yfirleitt aðeins seinna að sofa einhvern veginn þennan dag þegar við erum að vinna í heimanáminu.“

4.2.4 Heimanámsaðstoð í boði skólans

Í viðtölum við foreldra var rætt um heimanámsaðstoð í boði skólans. Þar var rætt um hvort slíkt kerfi væri í boði í skólanum, hvort þau myndu nýta sér það og hvaða kosti eða ókosti það myndi hafa.

Halldór nefndi að aðstoð við heimanámið væri til staðar á eldri stigum í grunnskóla A þar sem eldri dóttir hans nýtti sér slíka aðstoð:

„Sem dæmi á unglingastiginu gat elsta dóttir mín valið heimanám sem eitt af valfögum, sem er mjög sniðugt. Þá er hún heldur ekki ein í heimanáminu heldur saman með bekkjarfélögum og einhver kennari að aðstoða.“

Þegar rannsakandi spurði hvort heimanámsaðstoðin væri eitthvað sem foreldrar myndu vilja nýta sér, til dæmis ef það væri í boði í frístundaheimili skólans, var um tvenns konar sjónarmið að ræða. Annaðhvort voru þeir hlyntir því og vildu nýta sér úrræðið en aðrir voru ekki alveg vissir í sinni sök. Að þeirra mati væri einn aðaltilgangur heimanáms að fylgjast með börnunum vinna heimavinnuna sína og sjá hvernig henni framvindur. Hjónin Hildur og Sigurður voru ekki alveg sammála um hvort þau myndu nýta sér heimanámsaðstoðina. Sigurður var hlyntur því á meðan Hildi fannst það ekki þjóna tilgangi sínum, þar sem mikilvægt væri fyrir börn að vinna líka verkefni heima fyrir, ekki eingöngu í skólanum. Sigurður hafði þetta að segja um heimanámsaðstoð sem í boði væri í skólanum:

„Mér finnst það mjög sniðug hugmynd sko, ég væri mjög hlyntur því það er að segja að þetta sé í rauninni að heimanámið sé afgreitt þar, þá bara sestu niður og einbeitir þér. Það þarf kannski ekkert endilega að gera þetta heima, ég veit það ekki hvort það skiptir nokkuð máli.“

En Hildur hafði aftur á móti þetta að segja um aðstoðina:

„Jú mér finnst það þínu svona skipta máli að það sé fyrir utan skólann, inn á heimilinu þúfir þú að gera eitthvað annað. Þúfir að gera verkefni, þú lest alltaf en þú þúfir líka stundum að gera verkefni heima við. Það er eins og ég segi þá veit... eða þá sér foreldrið hvað er að gerast hjá barninu í skólanum „hvað ertu að læra? Hvað ertu að skrifa um?“ Þá skapast umræður og þá eru foreldrarnir meðvitaðri um hvað er í gangi í skólanum. Mér finnst það skipta rosamáli. Ef foreldrið veit ekkert hvað er í gangi, mér finnst það bara svolítið skrítið.“

Þegar Hildur kom með sína rökfærslu komst Sigurður hins vegar að sömu niðurstöðu og sagði að það skipti máli að foreldrar fylgdust með hvað barnið væri að gera. Hildur bætti við að hún sýndi því fullan skilning að þeir sem ættu í erfiðleikum með heimanámið eða fengju ekki þá aðstoð sem þeir þyrftu, þætti aðstoð af þessu tagi mikilvæg. Hún sjálf væri hins vegar á þeirri skoðun að heimanámið ætti að fara fram á heimilinu.

Strákarnir þeirra Jóhönnu og Kristjáns töldu frístundastarfið ekki vera mjög skemmtilegt og taldi Jóhanna að ef heimanámsaðstoð af þessu tagi væri til staðar þá hefðu þeir þó eitthvað fyrir stafni. Kristján myndi vilja nýta sér slíka aðstoð en hann myndi þá vilja sjá og meta í framhaldinu hvort aðstoðin hjálpaði börnunum. Að mati Sigrúnar átti heimanám ekki við á yngsta stigi grunnskóla út frá tímaþröng og jafnrétti nemenda, af því að sumir fengju aðstoð en aðrir ekki. En hún taldi hins vegar að hún gæti nýtt sér slíka heimanámsaðstoð því þar gæfust öllum sömu tækifæri til náms. Sigrún, Arna og Helga voru sammála því að kosturinn við það að klára heimanámið í frístundinni væri að nemendur væru ennþá ferskir og ekki þreyttir eins og gerðist oft þegar það væri unnið að kvöldi dags. Arna kom einnig með þau rök að svona aðstoð gæti mismunað börnum þar sem sumir þyrftu á meiri aðstoð að halda en aðrir og í frístundastörfum væri um fleiri börn að ræða á hvern kennara heldur en á skólatíma. Að hennar mati þyrftu sumir nemendur á „alveg extra mikilli hjálp að halda en önnur klára þetta á einu bretti“. Arna hafði því ekki hug á að nýta sér þessa aðstoð. Karítas var á sama máli þar sem henni fannst skólinn þá aðeins vera að lengja vinnudag barnanna:

„Ég held að það sé ekki það mikilvægt að börn eru í heimanámi nema fyrir utan lestur. Ef að frístundaheimilið færi að vinna með stærðfræði og skrift að þá er í rauninni bara kennslan líka komin yfir á þeirra herðar og það er bara verið að lengja skóladaginn þeirra, þannig að ég held að þetta sé nákvæmlega það sama.“

María var mjög hugsi yfir þessu og velti því fyrir sér hvort slík aðstoð bryti ekki í bága við rök fyrir tilgangi heimanáms og því var hún ekki viss um að hún myndi nýta sér aðstoðina:

„Eins og með heimalesturinn hefur úrslitaáhrif varðandi læsi þá finnst mér það fínt en aftur ef að þau leysa verkefnin alltaf í frístund að þá átta foreldrar...að þá finnst mér rökin fyrir því að heimanámið er til að foreldrar átti sig á stöðunni eiginlega farið, þannig ef að þau eiga að gera heimanámið í frístund þá er spurning hvort að það er ekki bara betra að sleppa því. Af því að ég held að þetta sé ekki eitthvað svona barnið...það væri voðalega þægilegt en ég veit ekki hvort að það svari endilega tilganginum.“

Helga myndi nýta sér heimanámsaðstoð þar sem hún taldi að skólaumhverfið hentaði oft betur í slík verkefni heldur en heimilin, þar sem margt gæti haft truflandi áhrif.

4.3 Óskastaða heimanáms

Flestir foreldrarnir voru sammála um að mikilvægt væri að hafa heimanám á yngsta stigi grunnskóla og voru þeir ánægðir með hvernig því væri háttað, ef undan er skilið mat Sigurðar og Hildar. Þau áttu strák í 3. bekk í grunnskóla B, eins og nefnt var hér að framan, og hafði hann varla fengið heimavinnu með sér heim. Flestir foreldrarnir voru sammála um að heimanám væri af hinu góða á öllum stigum, það er ef það væri passlegt, ekki of mikið eða of lítið. Það þyrfti að finna þennan gullna meðalveg. Heimanámið ætti ekki að stressa börnin og valda einhverju álagi heldur ætti því að vera þannig háttað að tilganginum með því væri náð. Það þyrfti að vera fjölbreytt og stundum skemmtilegt, en á þann veg að börnin lærðu grunnatriðin og undirstöðuatriðin sem er grunnurinn að áframhaldandi námi. Staða Helgu var töluvert frábrugðin stöðu hinna því barninu hennar gekk ekki vel með heimanámið en þrátt fyrir það vildi hún meiri heimavinnu. Hún taldi mikilvægt að verkefnin væru skemmtileg inn á milli:

„...þannig ég myndi ekki vilja sjá þetta hverfa. Þó honum finnst þetta hundleiðinlegt og okkur rosalega erfitt að „díla“ við hann, ég myndi samt ekki vilja sjá þetta öðruvísi því maður þarf að læra þessi grunnatriði, það má ekki sleppa þeim...en svona lærir maður þetta og þetta er ekkert skemmtilegt stundum en að blanda þessu saman við eitthvað sem er skemmtilegt þá væri það betra.“

Anna, Karítas og Sigrún voru allar á þeirri skoðun að það ætti einungis að setja fyrir heimalestur sem heimanám á yngsta stigi grunnskóla en ekki önnur verkefni. Þær töldu að þau verkefni sem kæmu heim með börnunum bættu ekki neinu við þekkingu barna þeirra. Karítas velti því fyrir sér af hverju þau þyrftu að skrifa heima, ef það sama væri gert í skólanum. Að hennar mati bættu þessar æfingar ekki neinu við getu barnsins. Þessar mæður nefndu allar að foreldrar nú til dags ynnu alltof mikið, og oft báðir foreldrar. Mikil vinna gerði það að verkum að vinnudagur væri langur og börnin kæmu seint heim. Oft væru allir þreyttir eftir langan vinnudag og ekki réttlátt að börnin ættu eftir að læra (vinna) meira. Að þeirra mati ætti heimanám einungis að vera lestur og Karítas taldi að hann ætti einungis að vera fimm sinnum í viku og allir ættu að eiga frí um helgar. Skólarnir ættu ekki að gera ráð fyrir að sjö dagar vikunnar færu í heimanám og foreldrarnir ættu sjálfir að ráða því hvað þeir gerðu um helgar.

Sigrún var ekki sú eina sem hafði kynnt sér rannsóknir á heimanámi, en eins og nefnt var hér að framan, þá hafði Karítas einnig skoðað rannsóknir tengdar því og hafði hún þetta að segja:

„Nú hef ég til dæmis lesið rannsóknir um að heimanám hefur alls ekki verið talið æskilegt og svo hef ég skoðað eins og þessi PISA-verkefni og þessir staðlar þar sem að þau lönd sem hafa skorað mjög hátt, Finnland til dæmis, en ég meina Finnland, hvað er það sem er sérstakt við Finnland? Listnám er svo stór partur af almennu námi, alls konar listnám og þetta styður svo, þannig að þau fá tækifæri til þess að vera „creative“ og mér finnst það gleymast svo oft í bara þessu almenna skólasterfi. Heimanám er heldur ekki á dagskrá barnanna heldur fá þau tækifæri til þess að nema í gegnum leik við önnur börn.“

Ef einungis væri um heimalestur að ræða og engin önnur verkefni þá taldi Karítas að fjölskyldulífið yrði mun ánægjulegra milli klukkan fimm og sjö á daginn, og dóttir hennar væri þá frjálstari. Að hennar mati gleymdi fólk því oft að börn lærðu margt í gegnum leik. Sigrún taldi að það ætti að leyfa foreldrunum að fylgjast með námi barna sinna með einhverjum öðrum hætti heldur en með verkefnum í hverri viku. Þegar hún skoðaði rannsóknir þessu tengdar komst hún að þessari niðurstöðu:

„Þegar ég var eitthvað að grúska einhvern tímann í þessu, þá fannst mér allavega mjög margar rannsóknir benda til þess að heimalærdómur sé ekki að bæta neinu á kunnáttu barnanna og sé kannski einmitt að valda álagi á

fjölskyldurnar og þá velti ég því fyrir mér af hverju ættum við að vera að því? Þannig að mér fyndist betra ef þetta myndi bara allt saman vera í skólanum nema heimalesturinn.“

Sigrún hugsaði um heimanám út frá jafnræði nemenda og taldi að ef rannsóknir sýndu fram á að þetta hjálpaði ekki neitt nemendum á yngsta stigi grunnskóla þá ætti ekki að vera lögð áhersla á það.

Hildur, Sigurður og Helga voru þau einu sem komu með dæmi um áhugaverðara heimanám sem snerist um eitthvað annað en að sitja eingöngu og skrifa í bók. Hildur kom með þetta dæmi:

„...stundum eiga þau að koma með eitthvað frá eigin brjósti...þeim finnst það alveg „ideal“ og svo hefur komið heim nokkrum sinnum þar sem þú þarft að telja hluti í húsinu...það var verið að telja hnífapör og gaffla og eitthvað svona og telja herna og svo er hægt að taka í rúmfræðina alls konar svona glugga og myndir og hurðir og eitthvað svona það hefur komið heim.“

Að mati Sigurðar voru þess konar verkefni mjög áhugaverð og væri hann til í að sjá meira af þeim:

„...mér finnst það mjög áhugavert því þá fara þeir að spá í eins og að fara út á leikvöll þá fara þeir að telja þríhyrninga og ferhyrninga, þá vorum við herna úti að telja þú veist rólurnar þar er mynd af þríhyrningi og ferhyrningi þarna þá fara þeir að spá aðeins meira í umhverfi sínu.“

Helga nefndi tvö lestrarverkefni sem vöktu mikinn áhuga hjá syni hennar, en slík verkefni voru ekki oft sett fyrir. Helga hafði þetta að segja:

„Það var reyndar eitt heimaverkefni í kringum jólin, það var eitthvað lestrarátak og þá áttu þau að lesa í einhver 20 skipti og fá svo verðlaun fyrir það. Þetta var samningur á milli foreldra og barns hvað verðlaunin ættu að vera en þetta var mjög jákvætt. Svo var einu sinni lestrarbingó þar sem þau áttu að lesa á mismunandi stöðum...lesa í til dæmis baðinu eða undir sænginni sinni með vasaljós, alls konar skemmtilegar leiðir...Þetta fannst okkur mjög gaman og barninu líka. Honum fannst þetta mjög spennandi að fá aðeins að ráða og þetta var meiri hvatning fyrir hann...þetta var rosa gaman en oftast eru ekki svona verkefni en öðru hvoru kemur eitthvað.“

Með því að hafa verkefnið skemmtilegt vakti það áhuga hans á því og var hann mun jákvæðari og viljugri til verka. Hildur kom með eitt dæmi um hvernig grunnskólar geta farið fjölbreyttari leiðir í heimanáminu:

„Það er mjög skemmtilegt þegar það svona tengist. Ég gæti séð fyrir mér í framtíðinni eins og þessar iPad-a æfingar eru núna í gangi hérna í okkar hverfi og þá væri hægt að skila verkefnum í myndrænu formi, á þú veist svo þú sért ekki alltaf eins og við segjum við pappírinn þannig þú ert líka að miðla það sem er til í dag.“

Karítas taldi að skólar gætu gert heimanámið meira einstaklingsmiðað og ætti þessi pakki þá í rauninni ekki að vera til staðar, nema að áherslurnar væru fjölbreyttari og eftir getu barnanna. Karítas ákvað að láta í sér heyra varðandi barnið sitt og varð það til góðs:

„Ég er reyndar búin að segja stopp núna, hún fær að velja blaðsíður í stærðfræðinni og fær að gera allt það sem hún vill sjálf...í fyrsta skipti er tilhlökkun núna, bara „hvenær fæ ég“, af því að hún fær að velja, hún fær að ráða förinni sjálf og ég held að það verði bara þannig núna og ekki þessi pressa að hún verði að gera endilega það sem er stimplað.“

María líkt og nokkrir aðrir foreldrar var sammála því að heimanámið ætti að vera uppbyggilegt og þjóna einhverjum tilgangi. Oft kom það upp í samræðum við viðmælendur að heimanámið væri að einhverju leyti sniðið að þörfum foreldra til að þeir gætu fylgst betur með barninu og öxluðu einhverja ábyrgð á þeirra námi. Því margir töldu að verkefnin sem þau fengju með sér heim breyttu ekki miklu hvað námsárangur varðar:

„...heimanámið ætti að vera uppbyggilegt en mér finnst það ætti að vera ekki of erfitt og ekki of létt. Það á ekkert að vera rosalega krefjandi það á frekar að vera bara námsefni sem þeir eru að læra og ætlast til þess að, fyrir foreldra til að átta sig á hvar barnið stendur frekar heldur en endilega að „challenger“ barninu mikið heima eða ég er ekki viss um að þessir vikulegu pakkar séu endilega „make or break“ hvort þeim gangi vel eða ekki en mér finnst þeir samt eiginlega nauðsynlegir til þess að foreldrar bara einfaldlega viti hvað er í gangi. Geti ekki sagt, geti ekki notað „það sagði mér enginn að það gengi illa“, sem ég hef oft heyrt sérstaklega frá fólki sem er með börn í skólanum þar sem er ekki heimanám.“

4.4 Mikilvægi heimanáms

Þegar kemur að mikilvægi heimanáms var rætt við foreldra um hvort þeir teldu það nauðsynlegt á yngsta stigi grunnskóla. Það kom á óvart hversu margir foreldrar voru þeirrar skoðunar að orðið *nauðsynlegt* væri of sterkt þegar talað var um mikilvægi heimanáms og töldu þau frekar að heimanám ætti að vera *æskilegt*. María hafði þetta að segja:

„En nauðsynlegt kannski svolítið stórt orð mér finnst það, ég er ekki viss um að það sé nauðsynlegt upp á námsframvindu, nema í lestri, en mér finnst það æskilegt bara til að venja sig líka á að svona er bara að vera í þú veist já að vera í skóla. Ég held það sé kannski svolítið sjokk að allt í einu að byrja að fá heimanám. Þú veist það þarf ekki að vera mikið mál, vera bara eitthvað rosa lítið en að það sé alltaf eitthvað.“

Helga og Arna voru þær einu sem töldu heimanámið vera nauðsynlegt en þær höfðu einnig upplifað það í gegnum eldri börn sín sem tileinkuðu sér ekki þessi grunnatriði og góðar námsvenjur. Því töldu þær heimanám vera nauðsynlegt á yngsta stigi. Halldór taldi að það ætti að vera til staðar en hann gat ekki beint gefið lokasvar um hvort það væri nauðsynlegt, nema að hann sæi marktækar niðurstöður úr rannsókn sem sýndi fram á það hjá börnum á yngsta stigi grunnskóla. Þar sem hann á börn sem bæði hafa verið með heimanám og ekki:

„Ég er ekki viss um að ég geti sagt afdráttalaust já við þessari spurningu, er það nauðsynlegt...ég held að foreldrar vilji bara að sjá rannsókn gerða á því...þannig að það væri kannski svarið við því hvort að það skipti máli, hvort að það hefði í rauninni bara áhrif bara til framtíðar, hversu menntaður maður verður og allt það eða hversu fljótur maður er að öðlast ákveðna menntun.“

Þær mæður sem töldu að ekki væri þörf á heimanámi á yngsta stigi grunnskóla voru á þeirri skoðun að það væri ekki nauðsynlegt, fyrir utan heimalesturinn. Ástæðan var að þeirra mati sú að þær töldu allar að þessi verkefni bættu ekki neinu við námsgetu barna sinna eða eins og Anna orðaði það, „þetta hlýtur nú að eiga að snúast fyrst og síðast um barnið“. Hins vegar er nauðsynlegt að æfa lesturinn heima fyrir þar sem ekki er alltaf nægur tími fyrir kennarann að hlusta á öll börnin lesa og voru Karítas og Sigrún sammála því. Þetta hafði Karítas að segja:

„Þannig að lesturinn er nauðsynlegur því þetta er eitt af sem þau þurfa ákveðna þjálfun í til þess að ná einhverjum framförum. Annað nei. Ekki fyrir en þau geta farið að gera þetta sjálf.“

Þetta hafði Sigrún að segja um heimalestur:

„lesturinn, mér finnst það vera svona grundvöllur fyrir öllu hinu en fyrir utan lesturinn finnst mér ekki nauðsynlegt.“

5 Umræða

Flestir foreldrar voru á þeirra skoðun að æskilegt væri að hafa heimanám á yngsta stigi grunnskóla. Með því að kennarar settu fyrir heimanám væru þeir að leyfa foreldrum að fylgjast betur með hvernig barni þeirra gengi í skólanum. Einnig töldu foreldrar að tilgangur með heimanámi væri að undirbúa nemendur fyrir það sem á eftir kæmi í náminu. Þeir foreldrar sem töldu að heimanám ætti ekki að vera til staðar á yngsta stigi grunnskóla voru með sterka skoðun á því að heimanám ýtti enn frekar undir mismunun hjá börnum þar sem ekki væru allir með sömu aðstöðu heima fyrir. Tímaþröng var sameiginlegur vandi á meðal foreldra þegar kom að heimanáminu en flestir töldu þó að það ætti ekki að vera forsenda þess að börn fengju ekki verkefni með sér heim eftir að skóladegi lyki. Samkvæmt rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar og félaga (2014) og rannsókn Söru Diljár Hjálmarsdóttur (2014) setja kennarar á yngsta stigi grunnskóla á Íslandi ekki mikið heimanám fyrir því þeir vita að það gefst ekki mikill tími eftir skóla. Samkvæmt niðurstöðum þeirra og þessarar rannsóknar gæti það bent til þess að með betri skipulagningu foreldra þá þjóni heimanám tilgangi sínum; það veiti foreldrum innsýn í nám barna sinna og undirbúi nemendur fyrir áframhaldandi námsstig.

Til að svara rannsóknarspurningunni komu fjögur meginþemu í ljós:

- Skilgreining og tilgangur heimanáms
- Hvar ættu börn að vinna heimanámið?
- Fyrir hvern er heimanámið?
- Tilhögun heimanáms að áliti foreldra

Höfundur telur þessi þemu svara rannsóknarspurningunni: Hver eru viðhorf foreldra til heimanáms á yngsta stigi grunnskóla? og helstu undirspurningum hennar: Hvern telja þeir tilgang heimanáms vera á yngsta stigi grunnskóla? Hvernig er heimanámi háttað á heimilum þeirra? Hvert finnst þeim mikilvægi heimanáms á yngsta stigi vera? Hvað telja þeir að hægt væri að gera til að betrumbæta heimanámið?

5.1 Skilgreining og tilgangur heimanáms

Þrátt fyrir að þátttakendur í þessari rannsókn hafi kannski ekki allir haft sama viðhorf til heimanáms þá útskýrðu þeir fyrirbærið samt sem áður á sama hátt. Er sú skilgreining ekki frábrugðin skilgreiningu þeirra fræðimanna sem hafa skilgreint það. Heimanám telst vera verkefni handa nemendum sem kennarinn hefur sett fyrir, sem ætlast er til að séu framkvæmd eftir að skóladegi lýkur og hafa nemendur tiltekinn tíma til að ljúka þeim og

skila þeim aftur til kennarans (Cooper, 2007; Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014; Symeou, 2009).

Foreldrarnir Hildur og Sigurður bentu á að heimanámsverkefningin á yngsta stigi ættu ekki að vera of löng en Cooper og Valentine (2001) mæltu með því að nemendur í 1. – 2. bekk noti 10 – 20 mínútur á kvöldi í að sinna heimanámi en 30 – 60 mínútum ef þau eru í 3. – 6. bekk. Meðaltíminn sem foreldrar sögðu að börn þeirra eyddu í heimanámið sitt var 15 mínútur en tvö börn áttu hins vegar í erfiðleikum með heimanámið og fór það vel yfir þann tíma sem áætlað var í 1. – 4. bekk. Tíminn sem fer í heimanámið er mikilvægur og það getur skipt sköpum hvort börn, jafnt og foreldrar, hafi jákvætt eða neikvætt viðhorf til heimanáms út frá því hversu langan tíma það tekur fyrir barnið að ljúka verkefningu. Van Voorhis (2004) telur mikilvægt fyrir kennara að vera vakandi yfir þeim nemendum sem eiga í erfiðleikum með að ljúka heimanáminu ef það tekur allt of langan tíma. Með því geta þeir mögulega komið í veg fyrir að börn upplifi streitu og álag í kringum heimanámið. Í tilfalli Karítasar, og að einhverju leyti líka Helgu, setti kennarinn fyrir alltof mikið heimanám. En í rannsókn þeirra Cooper o.fl. (1998) kom í ljós að það getur leitt til þess að nemandinn upplifi neikvætt viðhorf gagnvart heimanáminu og skólanum. Þetta má vel sjá á viðhorfum barna Karítasar og Helgu til heimanáms en það er mjög neikvætt. Þeir sem höfðu jákvætt viðhorf upplifðu heimanámið ekki sem kvöð enda tók það þá ekki nema 15 mínútur að ljúka því.

Ef litið er til þess tilgangs sem foreldrar telja vera með heimanámi þá voru ekki allir á sömu skoðun. Flestir töldu einn aðaltilganginn vera að með því að setja fyrir heimanám gæfi það foreldrum tækifæri til að fylgjast betur með því sem börn þeirra væru að vinna að í skólanum og sýna þeim áhuga og komst Cooper (1989) einmitt að svipaðri niðurstöðu. Einnig töldu foreldrar tilganginn með heimanámi vera að ná tökum á grunnatriðum í námi, tileinka sér góðar námsvenjur, kenna börnum sjálfsaga og tímastjórnun og að sýna þeim að hægt sé að læra einhvers staðar annars staðar en í skólanum, því allt þetta skipti máli upp á áframhaldandi nám. En þetta er einmitt það sem Cooper (2007) telur að sé árangurinn með heimanámi. Margir foreldrar höfðu áhyggjur af því að ef ekkert heimanám væri til staðar þá yrðu það mikil viðbrigði fyrir nemendur í framtíðinni þegar þeir allt í einu þyrftu að sinna heimanámi og þá í miklu magni. Í rannsókn Vatterott (2009) kom í ljós að kennarar settu fyrir heimanám á yngsta stigi einmitt í þeirri trú að það myndi enn frekar hjálpa nemendum að öðlast grunnfærni í til dæmis lestri, stærðfræði og fleiri greinum, en þannig næðu þeir lengra í námi.

Flestir foreldrarnir töldu heimalesturinn vera mikilvægastan á yngsta stigi og var það einmitt það sem þrjár mæður, Anna, Sigrún og Karítas, töldu að heimanám ætti einungis

að snúast um. Sigrún taldi lesturinn vera grundvöll fyrir öllu öðru sem á eftir kæmi og að hennar mati voru önnur heimanámsverkefni ekki nauðsynleg á yngsta stigi. Viðhorf Sigrúnar eru svipuð viðhorfum kennara í rannsókn Söru Diljár Hjálmarsdóttur (2014) en að mati þeirra átti einnig að setja annað námsefni fyrir en í algjöru lágmarki þar sem ekki gæfist nægur tími til heimanáms eftir skóla sökum langs vinnudags. Sigrún byggir skoðun sína á rannsóknum sem hún hefur kynnt sér sem sýna að heimanám bæti ekki námsárangur barna á yngsta stigi grunnskóla. Ef skoðað er hvað niðurstöður rannsókna í þessum skrifum hafa sýnt þá styðja þær skoðun Sigrúnar (Cooper, 1989; Cooper o.fl., 2006). En þó benda þær einnig til þess að heimanám geti haft jákvæð áhrif á margt annað en námsárangur eins og það að stuðla að góðum námsvenjum (Cooper, 1989; Cooper, Robinson, og Patall, 2006; Cooper og Valentine, 2001).

5.2 Hvar ættu börn að vinna heimanámið?

Allir þátttakendur þessarar rannsóknar sögðu að heimanámið væri unnið heima hjá þeim og var annaðhvort eldhús- eða stofuborðið nefnt. En eins og Sigrún benti á þá ráðleggja skólar foreldrum að veita börnum sínum aðstöðu þar sem borð er við hæfi. Samkvæmt Kelly (2014) á umhverfið sem heimanámið er unnið í einnig að vera á hljóðlátum og vel upplýstum stað þar sem börnin fá tækifæri til að vinna sjálfstætt en þó ætti að vera pláss fyrir annan aðila til að aðstoða. Það er skrifborðsaðstaða inni í herbergjum barna Maríu, Hildar og Sigurðar, en yfirleitt eru nemendur ekki með slíka aðstöðu heima fyrir.

Foreldrar telja að það gefist tækifæri til eins konar einkakennslu þegar þeir sinna heimanámi með börnum sínum. Samkvæmt Cooper og Valentine (2001) verða foreldrar þó að passa að kenna börnum sínum ekki aðrar aðferðir heldur en þær sem þeim eru kenndar í skólanum. Helga var eitt þeirra foreldra sem taldi heimanámið gefa henni tækifæri til að kenna syni sínum aðrar leiðir til þess að læra heldur en þær sem kenndar voru í skólanum. En það getur haft slæm áhrif á velgengi þeirra í námi (Cooper og Valentine, 2001). Þegar heimanámið er unnið heima fyrir getur það einnig verið neikvætt á þann hátt að það mismunar börnum. Samkvæmt niðurstöðum Ingvars Sigurgeirssonar o.fl. (2014) telja foreldrar og kennarar að þátttaka foreldra í heimanámi barna þeirra sé mikilvægur þáttur í velgengi nemenda í námi. Höfundur veltir því fyrir sér hvað gerist þá hjá þeim börnum sem eiga ekki foreldra sem geta tekið þátt í heimanámi þeirra? Á þeim þá eftir að ganga illa í námi? Það er nefnilega ætlast til að foreldrar aðstoði börn sín við heimanámið (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011; Kryger og Ravn, 2009), en eins og Sigrún og Anna sögðu þá ýtir heimanám enn frekar undir stéttaskiptingu fólks. Þetta styður rannsókn Hjördísar Pétursdóttur (2015) en þar kom í ljós að foreldrar hefðu áhyggjur af

Því að heimanám ýtti undir mismunun barna. Foreldrar koma seint heim eftir langan vinnudag og hafa kannski ekki nægan tíma til að aðstoða barnið eða skilja ef til vill ekki verkefnið og þá geta þeir ekki aðstoðað börnin sín. Kennarar efast einnig um réttmæti heimanáms út frá löngum skóladegi barnanna og að heimilisaðstæður mismuni nemendum því aðstæður til náms og aðstoðar eru ekki alltaf til staðar. Því er í raun haldið fram að með því sé ekki verið að gæta fyllsta jafnréttis barna. Dagskrá barna eftir skóla er oft mikil og er nauðsynlegt fyrir þau að fá tíma til þess að leika sér, gera eitthvað allt annað en það sem tengist skólastarfinu (Cooper, 1989; Cooper og Valentine, 2001; Glasman, 2009; Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014). Tillaga Sigrúnar var sú að ef heimanámsverkefnin sem lögð væru fyrir nemendur skiptu sköpum upp á námsframvindu barna þá ætti alveg að vera hægt að vinna þau í skólanum. Þetta er sambærileg tillaga og Glasman (2009) kom með.

Í þessari rannsókn var fjallað um heimanámsaðstoð í boði skólans þar sem heimanámið yrði þá afgreitt í skólanum til dæmis á meðan börnin væru í frístund. Að fá sérstaka aðstoð með heimanámið í boði skólans myndi nýtast foreldrum sem ekki sjá sér fært að aðstoða en telja heimanámið þó mikilvægt. Einnig myndi slík aðstoð nýtast þeim foreldrum sem upplifa tímaþröng, álag og streitu sem fylgir því oft þegar börn og foreldrar koma heim eftir langan vinnudag. Þetta getur haft mikil áhrif á líðan barna jafnt sem foreldra (Glasman, 2009). Sigrún, eins og nefnt var áður, telur að heimanám eigi ekki að vera til staðar á yngsta stigi en hún myndi samt sem áður vilja nýta sér heimanámsaðstoð frá skólanum. Að hennar mati er tímaþröng fyrst og fremst það sem mælir á móti heimanámi og að það mismuni börnum, en með aðstoð frá skólanum telur hún þær ástæður að baki.

Eins og fram kom í niðurstöðum þessarar rannsóknar er ekki boðið upp á heimanámsaðstoð í grunnskólum A og B og frístundaheimili Reykjavíkurborgar bjóða ekki upp á aðstoð með heimanámið (Samband Íslenskra sveitafélaga, 2014). Halldór nefndi að á unglingsstigi í grunnskóla A væri þó boðið upp á aðstoð við heimanámið sem valáfanga hjá nemendum rétt eins og heimilisfræði. Nokkrir foreldrar töldu að þeir myndu nýta sér heimanámsaðstoð ef hún yrði í boði í frístund. Kelly (2014) telur að slík aðstoð gæti hjálpað börnum með skipulagningu og tímastjórnun sem og að innleiða góðar námsvenjur en það er meðal annars atriði sem foreldrarnir töldu að tilgangurinn með heimanáminu væri. Börnin myndu fá aðstoð við heimanámið frá starfsfólki frístundaheimilisins en ávallt væri kennari þeim innan handar. Heimanámið yrði þá unnið á þeim tíma dags þegar börnin væru ennþá með fulla orku. Foreldrar töldu að helsti

ókostur við að sinna heimanáminu, er eins og kom fram hér að framan, tímaþröng en ef heimanámið væri unnið í skólanum myndi sá ókostur mögulega hverfa.

Myndu foreldrar sem komu að þessari rannsókn nýta sér aðstoð fyrir utan heimili? Ef litið er á hvern foreldrar töldu tilganginn helst vera með heimanáminu þá myndu þeir ekki vilja nýta sér heimanámsaðstoð en þeir telja sig þá ekki geta fylgst með hvernig barninu þeirra gengur. Glasman (2009) telur að ef nemendur fái aðstoð frá einhverjum fyrir utan heimilið þá geti líkurnar á að barn upplifi streitu og álag minnkað en út frá því má áætla að samverustundir á milli foreldra og barna muni verða ánægjulegri. Sonur Helgu er til dæmis með mjög neikvætt viðhorf gagnvart heimanáminu og honum finnst það ekki skemmtilegt. Auk þess hlustar hann ekki á foreldra sína þegar þeir aðstoða hann. Helga taldi að ef heimanámið væri unnið í skólanum myndi syni hennar ef til vill ganga betur með að vinna það. Nokkrir fræðimenn hafa þó áhyggjur af því að ef foreldrar aðstoði ekki börn sín með heimanámið geti það haft áhrif á að þau fylgist ekki nægilega vel með hvað þau eru að læra og gera í skólanum (Cooper og Valentine, 2001; Cosden o.fl., 2001). Kristján benti á að foreldrum gefst enn tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna með því að fara yfir heimanámsverkefni sem unnin voru í frístundinni og þannig borið ábyrgð á námi barna sinna.

5.3 Fyrir hvern er heimanámið?

Skólastjóri í grunnskóla í Danmörku tók vel til orða er hann sagði að heimanám hentaði ekki heimi barna þar sem það er uppfinning fullorðinna (Kryger og Ravn, 2009). Heimanám er einskonar hefð sem foreldrar ætlast til af skólum því þannig var það þegar þeir voru í skóla (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014). Nokkrir foreldrar í þessari rannsókn töldu að heimanám væri þáttur daglegs lífs og væri eðlilegur þáttur þess. Samkvæmt Warton (2001) úthluta skólar heimanámi vegna væntinga foreldra en þeirra trú er að það muni stuðla að betri námsárangri. Heimanám er eins konar trygging foreldra fyrir því að skólar geri miklar námskröfur og hafi væntingar til nemenda sinna (Van Voorhis, 2004). En svo eru aðrir foreldrar sem telja að börn ættu frekar að læra í gegnum leiki en ekki endalaust bóklegt nám. Þannig muni sjálfstraust og sjálfsvirðing barna aukast (Kryger og Ravn, 2009). Karítas taldi einmitt dóttur sína ekki fá tíma til þess að leika sér og njóta þess að vera barn vegna mikillar vinnu í skólanum.

Ef skoðað er hvað foreldrar í þessari rannsókn og fræðimenn hafa að segja um tilgang heimanáms á yngsta stigi kemur í ljós að meirihluti telur að það upplýsi forelda um nám barna þeirra (Cooper o.fl., 1998; Deslandes, 2009; Symeou, 2009; Van Voorhis, 2004). Margir foreldrar í þessari rannsókn töldu einnig að með heimanámi væri þau að njóta

samveru með barninu sínu og sýna því sem barnið væri að gera í skólanum áhuga. En ekki eru allar þessar samverustundir notalegar og getur þessu verið öfugt farið ef heimanámið reynist barninu ofviða. Sigrún nefndi einmitt að hún myndi vilja njóta fleiri samverustunda með barninu sínu og fjölskyldu í stað þess að vera endalaust að læra. Rannsókn sem var gerð, meðal annars í Danmörku, sýndi fram á að það eitt að börn borðuðu reglulega saman máltíð með foreldrum sínum hafði marktæk tengsl við lestrarkunnáttu þeirra (Hampden-Thompson o.fl., 2013). Þetta bendir til þess að það eitt að börn og foreldrar njóti oftast góðra samverustunda hafi jákvæð áhrif á námsframvindu barna (Hampden-Thompson o.fl., 2013). Áhugavert væri að kanna lestrarkunnáttu barna hér á Íslandi út frá þessum niðurstöðum.

En ef rýnt er í fyrir hvern heimanámið er þá telur Karítas það vera sett fyrir á yngsta stigi grunnskóla með foreldrana í huga en ekki endilega börnin. Glasman (2009) bendir á að nemendur fái miklu meira heimanám í dag heldur en var áður fyrr og mun fleiri skrifleg verkefni með sér heim. Margir foreldrar þessarar rannsóknar töldu að heimanámið á yngsta stigi skipti ekki sköpum þegar kæmi að námsárangri en töldu að með því að börn þeirra kæmu með verkefni heim bæru foreldrar meiri ábyrgð á námi barna sinna. Niðurstöður Cooper o.fl. (1998) sýndu fram á að á yngstu stigum grunnskóla væri ekki gott að úthluta of miklu heimanámi þar sem afleiðingar þess geta orðið til þess að nemandinn upplifi neikvætt viðhorf gagnvart heimanáminu og skólanum. Ef horft er til barna Karítasar og Helgu í þessu sambandi er hægt að sjá að heimanámið gengur ekki vel og þar af leiðandi er viðhorf þeirra neikvætt til heimanáms. Helga virðist þó vilja meira heimanám fyrir son sinn þar sem hún heldur að hann þurfi einungis að læra að gera þetta fyrir sjálfan sig til að ná grunnatriðum í námi. Það er einmitt einn tilgangur kennara með heimanámi (Vatterott, 2009). Ef sá þáttur er skoðaður þá er tilgangur heimanáms yngri barna hvort tveggja með nemendur og foreldra í huga. Foreldrar fá tækifæri til að fylgjast með og bera einhverja ábyrgð á námi þeirra og nemendur þróa með sér grundvallarfærni í til dæmis stærðfræði og lestri sem og góðar námsvenjur (Cooper og Valentine, 2001; Symeou, 2009).

Þeir skólar sem ákveða að leggja ekkert heimanám fyrir nemendur sína þurfa þá að finna aðrar leiðir til að styrkja tengslin á milli heimilis og skóla. Dæmi um aðrar leiðir sem nú þegar eru til staðar þar sem foreldrum gefst tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna er í gegnum foreldraviðtöl, á kynningafundum foreldra, í gegnum vefsíðu skólans eða með rafrænum tölvupósti (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Margt er í boði en heimanám virðist þó vera aðal tengslin á milli heimilis og skóla því það er sá vettvangur sem foreldrar fylgjast með og taka sjálfir þátt í jafnt og þétt yfir allt skólaárið. Foreldrar

virðast reyna sitt besta þegar það kemur að því að sinna heimanámi barna sinna en oftast en ekki sleppa þeim að mæta á aðra skólatengda viðburði til dæmis vegna langra vinnudaga hjá bæði þeim og börnum þeirra. Þar sem börn eyða stærstum hluta dagsins í skólanum er mikilvægt að tengslin á milli heimilis og skóla séu góð (Kolbrún Þ. Pálsdóttir 2014, bls. 20). Með góðu samstarfi á milli foreldra og kennara þegar kemur að heimanámi, ætti að vera hægt að koma til móts við sem flesta, bæði börn, foreldra og kennara þannig að þessi tengsl séu uppbyggileg fyrir nemendur.

5.4 Tilhögun heimanáms að álit foreldra

Á allra síðustu árum hefur umræða um aukna virkni, ábyrgð og áhuga nemenda á eigin námi aukist. Í því sambandi hefur umræða um hvernig kennarar og skólasamfélagið, þar með talið foreldrar bregðast við því. Ef meirihluti foreldra og kennara, telur að heimanám eigi að vera til staðar á yngsta stigi grunnskóla eru nokkur atriði sem huga þarf að. Í fyrsta lagi þurfa kennarar að hafa í huga að ekki eru öll börn með sama stuðning heima fyrir og því er best að hafa heimanámið sniðið að einstaklingnum. Í þessari rannsókn sem og öðrum rannsóknum sem voru gerðar hér á landi kom í ljós að foreldrar telja að heimanámið sem sett er fyrir mætti vera meira einstaklingsmiðað þar sem einnig er lögð áhersla á að það sé skemmtilegt til að vekja áhuga nemenda á efninu. Með þessu er verið að tryggja jákvæðara viðhorf nemenda til heimanáms og skólagöngu sinnar. Cooper (2007) styður þetta en hann telur mikilvægt að heimanámið sé sniðið að einstaklingnum og þörfum hans því þannig muni það skila árangri og einnig mun viðhorf hans til heimanáms og skólans verða jákvæðara. Einnig er mikilvægt að hafa verkefnin ekki of löng því eins og hefur komið fram hafa börn og foreldrar ekki mikinn tíma aflögu eftir langan vinnudag. Foreldrar og kennarar í rannsókn Cooper (2007) segja að heimanám sé einungis gefandi í ákveðinn tíma og því sé mikilvægt að hafa verkefnin stutt og minnka með því líkurnar á að nemendur fái leið á þeim.

Katrín Jakobsdóttir, fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra, sagði að hægt væri að bæta margt innan veggja skólans en ef enginn fylgir þessum breytingum eftir þá munu þær aldrei skila neinum árangri (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012, bls. 3). Grunnskólar á Íslandi eiga að vera með einstaklingsmiðað nám að leiðarljósi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011) en ef við berum það saman við það sem Kristín Jónsdóttir segir þá er ekki nóg að það sé einungis skrifað á blaði heldur verði það að sjást í verki (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson 2012, bls. 3). Foreldrar í þessari rannsókn töluðu um að heimanámið væri ekki miðað að einstaklingnum.

Margir foreldrar drógu þá ályktun að börnunum þætti heimanámið ekki nógu skemmtilegt en þeir töluðu allir um pakka sem lagður hafi verið til grundvallar þar sem mest af því væri bóklegt nám. Nemendur eiga rétt á námi við sitt hæfi og eiga grunnskólar að stuðla að jafnrétti og menntun hvers og eins nemanda þar sem þarfir hans eru hafðar að leiðarljósi (lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. og 13. gr). Fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla (2011 nr. 838 9. september 2015) að ef nemanda gengur illa eiga kennarar að hugsa um nám þeirra út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun. Engir tveir eru eins og því verða kennarar að huga að því þegar þeir úthluta heimanámi til nemenda sinna.

Til þess að vekja áhuga barna á heimanámi væri til dæmis hægt að hafa það óhefðbundið af og til eins og Sigurður, Hildur og Helga komu með dæmi um. Í stærðfræði nefndu þau að hægt væri að nýta umhverfið betur. Fara til dæmis út á leikvöll og telja form eða telja hnífapörin sem eru á heimilinu. Hvað heimalesturinn varðar þá væri hægt að gera hann áhugaverðari, eins og Helga nefndi, með því að börn læsu á mismunandi stöðum. Sem dæmi í baðkarinu, undir sæng með vasaljósi og fleira. Í stað þess að vera alltaf við borð að lesa eða skrifa í bók væri hægt að nýta það sem heimilið og heimurinn hefðu upp á að bjóða. Ef gerð er grein fyrir markmiðum verkefnisins ætti ekki að vera flókið að útfæra það á mismunandi vegu þannig að það höfði til ólíkra einstaklinga. Með þessu væri einnig hægt að ná til breiðari hóps nemenda og skapa jákvæðara viðhorf þannig að þeir upplifi vellíðan þegar kemur að heimanámi og skólagöngu sinni.

6 Lokaorð

Rannsóknarvinnan leiddi höfund nær þeirri niðurstöðu að heimanám sé í rauninni talið æskilegt meðal foreldra á yngsta stigi grunnskóla, þrátt fyrir að hafa lesið fræði þar sem niðurstöður rannsókna sýna að það teljist ekki nauðsynlegt á því stigi. Þessi rannsókn leiddi líka í ljós að heimanám á við á yngsta stigi grunnskóla ef því er stillt í hóf, tilgangur sé með því og það sé sett fyrir með hag einstaklingsins í fyrirrúmi. Ein setning er eftirminnileg úr í viðtölunum

„Auðvitað væri þægilegt að geta sagt „skólinn ber ábyrgð á þessu“ en við höfum líka einhverju hlutverki að gegna í þessu.“

Þetta fékk höfund til að ígrunda betur tilgang heimanáms og hvort það væri í rauninni slæmt að hafa það á yngsta stigi grunnskóla, ef að það væri gert á einstaklingsmiðaðri hátt. Börn á yngsta stigi grunnskóla á Íslandi eru einstaklega heppin með heimanám þar sem það er víða sett fyrir til einnar viku í senn og ekki er ætlast til að nemendur vinni alla daga, fyrir utan heimalesturinn. Viðmiðið er oft að heimanámsverkefni taki ekki lengri tíma en 10–30 mínútur fyrir nemendur í 1.–4. bekk. Í ljósi þess telur höfundur mikilvægt að kennarar skoði hvers konar verkefni þeir senda heim með nemendum sínum. Eru þau uppbyggileg, skemmtileg, fjölbreytt, áhugaverð? Nemendur verða áhugasamari og viljugri til þess að læra heima ef verkefnið vekja áhuga hjá þeim og þá er mikilvægt að hafa þau ekki of erfið og ekki of löng. Þetta er ekki einfalt fyrir kennara því þeir þurfa að ná til allra nemenda í bekk sínum. Mikilvægt er að miða þau út frá þörfum allra einstaklinga sem og út frá nemendahópnum og gera allt sem þarf til að koma til móts við hvern og einn.

Eftir að hafa rætt við foreldra í þessari rannsókn og skoðað viðhorf þeirra til heimanáms finnst höfundi hann vera betur í stakk búinn til að skipuleggja og setja fyrir heimanám. Höfundur sér núna að mikilvægt er að ræða við foreldra um heimanám og vera vakandi fyrir því ef það gengur ekki vel hjá einhverjum. Á yngsta stigi skiptir heimanám ekki sköpum fyrir námsárangur og ef það er mikilvægt fyrir foreldra að börn þeirra taki ekki heimanám með sér heim þá ætti ekki að vera mikið mál að finna lausn á þeim vanda. Heimavinna má ekki vera þess valdandi að barn upplifi álag og neikvæðar hugsanir gagnvart skólanum. Að sama skapi ef nemandi hefur þörf fyrir aukaverkefni til að vinna heima fyrir ætti kennarinn að geta mætt þeim þörfum. Skólinn á að vera jákvæður og öruggur staður þar sem nemendur fá tækifæri til að þroskast og blómstra sem einstaklingar. Þess vegna er hlutverk höfundar sem grunnskólakennara að hugsa um

hvert barn sem einstakling og að það henti ekki öllum hið sama en það á einnig við um heimanámið. Með því að einstaklingsmiða heimanám telur höfundur að nemendur verði ánægðari og jákvæðari og foreldrar líka.

Áhugavert væri að gera rannsókn þar sem skoðuð væru enn frekar áhrif heimanáms á velgengni barna í grunnskólum á Íslandi. Niðurstöður úr slíkri rannsókn myndu hugsanlega segja fyrir um hvort það stuðli að velgengni nemenda í námi eða ekki. Hægt væri að skoða niðurstöður um námsframvindu og námsárangur nemenda í framhaldsskólum. Þetta gæti upplýst bæði foreldra og kennara um það hvort heimalærdómur skipti sköpum eða ekki og það svaraði ef til vill um leið spurningum hvort mikilvægt sé að hafa heimanám á yngsta stigi grunnskóla eða jafnvel í grunnskólum yfirleitt. Önnur áhugaverð rannsókn sem hægt væri að framkvæma væri að athuga hvers konar heimanám nemendur fá með sér heim. Er það mest megnis í sömu bókinni? Fá nemendur fjölbreytt og skapandi verkefni með sér heim? Með þessu væri hægt að koma með hugmyndir um verkefni sem kennarar gætu nýtt sér þar sem lögð væri áhersla á þarfir hvers og eins nemanda.

Heimildaskrá

- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2012). *Helstu niðurstöður PISA 2012: Læsi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði og lesskilningur*. Sótt af http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/pisa_skyrslur/PISA_2012.pdf
- Bauer, D. (2015). The division of household and childcare tasks between partners. Í Arnaud Régnier-Loilier (ritstjóri), *The contemporary family in France: Partnership trajectories and domestic organization* (5. útgáfa.) (bls. 181–201). París: Springer.
- Brugeilles, C. og Sebillé, P. (2015). Fathers' and mothers' involvement in parental tasks: An unequal division. Í Arnaud Régnier-Loilier (ritstjóri), *The contemporary family in France: partnership trajectories and domestic organization* (5. útgáfa.) (bls. 203–225). París: Springer.
- Cooper, H. og Valentine, J. C. (2001). Using research to answer practical questions about homework. *Educational Psychologist*, 36(3), 143–153.
- Cooper, H. (1989). Synthesis of research on homework. *Educational Leadership*, 47(3), 85–9.
- Cooper, H., Robinson, J. C. og Patall, E. A. (2006). Does homework improve academic achievement? *A synthesis of research, 1987–2003*, 76(1), 1–62.
- Cooper, H., Lindsay, J. J., Nye, B. og Greathouse, S. (1998). Relationships among attitudes about homework, amount of homework assigned and completed, and student achievement. *Journal of Educational Psychology*, 90(1), 70–83.
- Cooper, H. (2007). *The battle over homework: Common ground for administrators, teachers and parents* (3. útgáfa). Thousand Oaks, CA: Corwin Press.
- Cosden, M., Morrison, G., Albanese, A. L. og Marcias, S. (2001). When homework is not home work: After-school programs for homework assistance. *Educational psychologist*, 36(3). 211–221.
- Deslandes, R. (2009). Elementary school teachers' view of homework and parents-school relations. Í R. Deslandes (ritstjóri), *International perspectives on student outcomes and homework. Family – school – community partnership* (bls. 128–140). New York, NY: Routledge. Taylor & Francis Group.
- Deslandes, R. (2009). Conclusion. Í R. Deslandes (ritstjóri), *International perspectives on student outcomes and homework. Family – school – community partnership* (bls. 157–165). New York, NY: Routledge. Taylor & Francis Group.
- Díana Erlingsdóttir. (2014). *Heimanám grunnskólabarna: Viðhorf foreldra til heimanáms og reynsla þeirra af heimanámi barna sinna* (óútgefin meistararitgerð). Háskólinn á Akureyri, Akureyri.

- Foster, K. (2000). Homework: A bridge too far? *Educational Research*, 10(1), 21–37.
- Glasman, G. (2009). Parents and children's homework in France. Í R. Deslandes (ritstjóri), *International perspectives on student outcomes and homework. Family – school – community partnership* (bls. 39–46). New York, NY: Routledge. Taylor & Francis Group.
- Hallam, S. (2009). Parents' perspectives on homework: United Kingdom, New Zealand, Australia and Japan. Í R. Deslandes (ritstjóri), *International perspectives on student outcomes and homework. Family – school – community partnership* (bls. 47–60). New York, NY: Routledge. Taylor & Francis Group.
- Hancock, L. (2011). Why are Finland's schools successful?. Sótt af <http://162.230.210.194/RandD/Other/Why%20Are%20Finland's%20Schools%20Successful%20-%20Hancock.pdf>
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137–153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hjördís Pétursdóttir. (2015). „Það er líka bara fint að æfa sig heima“: Viðhorf nemenda, kennara og foreldra til heimanáms á yngsta stigi grunnskólans (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). Ritroð um grunnpætti menntunar: Sköpun. Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: 23 Námsgagnastofnun. Sótt af <http://nams.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=304ef5d2-d87b-4e0a-88c2-0408e4ec1a4d>
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). Að mörgu er að hyggja: Handbók um undirbúning kennslu. Reykjavík: Æskan.
- Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2014). Kennsluhættir. *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Ritstj. Gerður G. Óskarsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Karítas Gissurardóttir. (2014). „Skólinn er vinna barnanna: Þau vilja ekki taka hana með sér heim frekar en við foreldrar“: Viðhorf foreldra til heimanáms út frá ólíkum stefnum þriggja grunnskóla (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Kralovec, E. og Buell, J. (2000). *The end of homework: how homework disrupts families, overburdens children, and limits learning*. Boston: Bacon Press.
- Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2014). Foreldrasamstarf. *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Ritstj. Gerður G. Óskarsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kryger, N. og Ravn, B. (2009). Homework in Denmark: What kind of links between Family and school?. Í R. Deslandes (ritstjóri), *International perspectives on student*

outcomes and homework. Family – school – community partnership (bls. 12–24). New York, NY: Routledge. Taylor & Francis Group.

- Kelly, K. (2014). *Finding an afterschool program with good homework help*. Sótt af <https://www.understood.org/en/school-learning/tutors/afterschool-programs/finding-an-afterschool-program-with-good-homework-help>
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2014). *Könnun á starfsemi frístundaheimilanna haustið 2013*. Sótt af https://www.menntamalaraduneyti.is/media/forsidumyndir/SKYRSLA_Konnun_Lengd-vidvera_2013.pdf
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide*. Los Angeles: SAGE.
- Lög um grunnskóla, nr. 63/1974.
- Lög um grunnskóla, nr. 66/1995.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (e.d.-a). *Nánari skilgreining á skóladögum í grunnskólum*. Sótt af <https://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/urskurdir-og-alit/alit/grunnskolar/nr/7008>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (e.d.-b). *Spurt og svarað – grunnskólar: Fjöldi í bekk – Hver má hámarksfjöldi barna vera í bekk?*. Sótt af <https://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/spurt-og-svarad/spurt-og-svarad--grunnskolar/>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (e.d.-c). *Spurt og svarað – grunnskólar*. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/grunnskolar/spurt-og-svarad/>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2006*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011*. Reykjavík: Mennta- og menningarráðuneytið.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: 2. útg. með breytingum 2015*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2015). Greining á framkvæmd skóla án aðgreiningar á grunnskólastigi. Sótt af <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8348>
- Nelsen, J., Duffy, R., Escobar, L., Ortolano, K. og Owen-Sohocki, D. (1996). *Positive discipline: a teacher's A-Z guide*. Rocklin, Kaliforníu: Prima Publishing.
- Reykjavíkurborg. (e.d.-a). Frístundaheimili. Sótt af <http://reykjavik.is/thjonusta/fristundaheimili>

- Reykjavíkurborg. (e.d.-b). Upplýsingar fyrir foreldra um grunnskóla í Reykjavík. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/um_grunnskolann_islenska.pdf
- Ríkisútvarpið. (2014). Enn biðlistar í Reykjavík og Hafnarfirði. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/enn-bidlistar-i-reykjavik-og-hafnarfirdi>
- Samband Íslenskra sveitafélaga. (2014). Kjarasamningur. Sótt af http://www.samband.is/media/kjarasamningar-ki/FG-Kjarasamningur-2014-til-2016_LOK.pdf
- Sara Diljá Hjálmarsdóttir. (2014). *Heimanám nemenda á yngsta stigi. Viðhorf kennara* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Sigurður Hólm Gunnarsson. (2013). *Heimalærdómur barna er gagnslaus og jafnvel skaðlegur. Greinar*. Málefni barna. Menntamál. Sótt af af: <http://skodun.is/2013/08/16/heimalaerdomur-barna-er-gagnslaus-og-jafnvel-skadlegur/>
- Sahlberg, P. (2011). Finnish Lessons: What can we learn from educational change in Finland (bls. 41 – 69). New York: Teachers College Press.
- Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Réttmæti og áreiðanleiki í megindegum og eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 211–227). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 229–237). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Symeou, L. (2009). Mind the gap!: Greek-Cypriot parents and their children's homework. Í R. Deslandes (ritstjóri.), *International perspectives on student outcomes and homework. Family – school – community partnership* (bls. 76–94). New York, NY: Routledge. Taylor & Francis Group.
- Unnur H. Jóhannsdóttir. (2010). *Heimanám bætir ekki námsárangur*. Sótt af <http://www.hjalli.is/hjallastefnan/skjalasafn/hjallastefnan235.pdf>
- Vatterott, C. (2009). Rethinking homework: best practises that support diverse needs. Alexandria, VA: ASCD.
- Van Voorhis, F. L. (2004). Reflecting on the homework ritual: Assignments and designs. *Theory Into Practice*, 43(3), 205–212
- Warton, P. M. (2001). The forgotten voices in homework: Views of students. *Educational Psychologist*, 36(3), 155–165.
- Puríður Jóhannsdóttir. (2009). Réttmæti og áreiðanleiki. Sótt af <http://mennta.hi.is/vefir/ust/tjona/rettmaeti.htm>

Viðauki A: Viðtalsrammi

Bakgrunns spurningar

1. Hvað áttu mörg börn?
2. Barnið sem er á yngsta stigi hvort er það strákur eða stelpa?
3. Í hvaða bekk er hann/hún?
4. Tekur barnið þitt þátt í dægradvöl skólans?
 - a. Ef já: Hvað er það með pláss lengi eftir skóla og er það alla daga?
 - b. Stundar það einhverja íþrótt eftir dægradvölinu/skóla?
5. Ert þú og/eða faðir/móðir barnsins með háskólamenntun?
6. Ert þú og/eða faðir/móðir barnsins í fullri vinnu?

Spurningar um heimanám

7. Hvernig skilgreinir þú heimanám?
8. Hvernig eru samskipti þín við kennarann varðandi heimanám?
9. Hvar er heimanámið oftast unnið?
10. Hvenær er heimanámið unnið?
11. Hversu mikill tími fer í heimanámið á ykkar heimili?
12. Hver aðstoðar mest við heimanámið á ykkar heimili?
13. Hvernig gengur að aðstoða hann/hana með heimanámið?
14. Hvernig upplifir þú viðhorf barnsins þíns til heimanáms?
15. Hvernig ætti heimanámi að vera háttað að þínu mati?
16. Hvers konar heimanám fær barnið þitt? (Kannski meira fyrir 7 ára+)
17. Lýstu dæmigerðu heimanámi hjá barninu þínu.
18. Hvernig verkefni finnst þér ganga vel/illa?
19. Getur þú lýst fyrir mér hvaða tilfinningar koma upp þegar heimanámið er unnið?
 - a. Ef neikvæðar tilfinningar, hvað væri hægt að gera til þess að draga úr þeim?
20. Telur þú að það sé tilgangur með heimanámi á yngsta stigi grunnskóla?
 - a. Ef já, hvern telur þú tilganginn vera?
 - b. Ef nei, hvers vegna er ekki tilgangur með því?
21. Er heimanámið í forgangi á ykkar heimili og tekið fram yfir önnur verkefni?
22. Hvernig getur menntun foreldra skipt máli í sambandi við að aðstoða barnið við heimanámið?
23. Telur þú barn þitt fá tíma til að njóta þess að vera barn og leika sér?

24. Ef það væri boðið upp á heimanámsaðstoð í skólanum, til dæmis í dægradvölinni, hverjir væru kostir/ókostir við það? Myndir þú nýta þér þá aðstoð og af hverju/ af hverju ekki?
25. Hvern telur þú tilganginn vera með að foreldri aðstoði barn sitt með heimanámið?
26. Telur þú heimalestur vera hluta af heimanámi?
27. Hefur þú einhvern tímann kvartað undan heimanámi barns þíns við kennarann? Ef já, Hvers vegna?
28. Myndir þú segja að heimanám sé aukavinna (yfirvinna) eftir vinnudag barnsins? Telur þú það hafa áhrif á gæðastundir á milli foreldra og barns?
29. Telur þú heimanám vera nauðsynlegt á yngsta stigi grunnskóla (1. – 4. bekk)?

Viðauki Á: Bréf til foreldra um rannsóknina

Ágætu foreldrar og forráðamenn.

Ég heiti Sólveig Helga og er meistaranemi við Háskóla Íslands, Kennaradeild og er að ljúka námi í kennslu ungra barna í grunnskóla. Það er komið að lokaverkefni hjá mér og felst það í rannsókn sem skoðar **heimanám á yngsta stigi grunnskóla og viðhorf foreldra gagnvart því**. Til að framkvæma þessa rannsókn þarf ég að taka viðtöl við foreldra til að athuga viðhorf þeirra á þessu viðfangsefni.

Ef þú ert foreldri sem átt barn í 1. – 4. bekk og hefur áhuga og tíma til að ræða aðeins við mig um þörf heimanáms á yngsta stigi grunnskóla bið ég þig vinsamlegast að hafa samband við mig í gegnum tölvupóst eða síma.

Nánari upplýsingar: Hvert viðtal mun taka 30 – 60 mínútur og fara þau fram í **22. Febrúar – 6. mars**. Staðsetning og tími eru valin í samráði við þátttakanda. **Fullrar nafnleyndar verður gætt**. Þátttakandi getur hætt þátttöku sinni hvenær sem er.

Með fyrirfram þökk,

Sólveig Helga Hákonardóttir

Viðauki B: Samþykki frá foreldrum um þátttöku



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rannsókn við menntavísindasvið

Hver eru viðhorf foreldra til heimanáms á yngsta stigi grunnskóla?

Tilgangur rannsóknarinnar er að athuga hvort þörf sé fyrir heimanám á yngsta stigi grunnskóla. Skoðað verður hvað fræðimenn hafa að segja um þetta efni og tekin verða viðtöl við foreldra með barn á yngsta stigi grunnskóla (1. – 4. bekk). Áætlað er að hvert viðtal muni taka 30 – 60 mínútur og að eitt viðtal verði tekið við hvern þátttakanda nema að ástæða sé til annars.

Þátttakandi í þessari rannsókn á rétt á að draga sig út úr rannsókn á hvaða stigi sem er án þess að tilgreina ástæðu fyrir úrsögninni og án nokkurra eftirmála. Trúnaði og nafnleyndar verður gætt. Viðtalið verður tekið upp og verður því svo eytt þegar búið er að nota gögnin úr því. Rannsakandi mun hafa samband við þátttakanda ef hann ætlar að nota orðrétt upp úr viðtalinu til að fá samþykki hans, ef það er eitthvað sem að þátttakandinn myndi vilja breyta og/eða bæta.

Með fyrir fram þökk um þátttöku.

Hér með samþykkir _____ um að rannsakandi megi nýta sér þær upplýsingar sem hann aflar í þessu viðtali.

Undirskrift þátttakanda

Undirskrift rannsakanda

Dagsetning _____

Viðauki D: Tilkygning frá Persónuvernd

Sólveig Helga Hákonardóttir
Gullsmára 10
201 Kópavogur



Persónuvernd


Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
vefvang: personuvernd.is

Reykjavík 5. febrúar 2016
Tilvísun: S7672/2016/ TS/--

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur móttengið tilkygningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkygningin er nr. S7672/2016 og fylgir afrit hennar hjálägt.

Vakin er athygli á því að tilkygningin hefur verið birt á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkygninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar til efnis þeirra.

Virðingarfyllst,


Teitur Skúlason

Hjál.: - Tilkygning nr. S7672/2016 um vinnslu persónuupplýsinga.